**Breyting á lögum KKÍ** **Þingskjal nr. 1**

## Heiti og tilgangur

**1. grein**
Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

**2. grein**
Körfuknattleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eiga öll þau félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í körfuknattleik rétt á aðild að KKÍ.

**3. grein**
Starf KKÍ er í meginatriðum:

a) Að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.

b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi. ~~og~~

c) Vera aðili að Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (FIBA) og ~~evrópska körfuknattleikssambandinu~~ Körfuknattleikssambandi Evrópu (FIBA Europe).

## Skipulag

**4. grein**
Málefnum KKÍ stjórna:

a) Körfuknattleiksþingið.
b) Stjórn KKÍ.
c) Formannafundir.

**5. grein**
Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda og skal miðað við ~~kennsluskýrslur hverju sinni~~ iðkendatölur ÍSÍ árið á undan þannig að fyrir allt að 50 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.

Þingið skal halda í maímánuði annað hvert ár ~~(frá og með 2007)~~. Stjórn KKÍ skal boða bréflega til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi ~~2~~ einni vik~~um~~ fyrir þing.

Körfuknattleiksþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en tuttugu og einum degi fyrir körfuknattleiksþing og skal nefndin leggja fram tillögur til körfuknattleiksþing um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

**6. grein**
Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a) Stjórn og varastjórn KKÍ.
b) Endurskoðendur KKÍ.
c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
d) Framkvæmdastjórar KKÍ og ÍSÍ.
e) Allir nefndarmenn fastanefnda KKÍ.
f) Dómarar dómstóla áfrýjunardómstóls KKÍ.
g) ~~Íþróttafulltrúi ríkisins~~ Fulltrúi Menntamálaráðherra.
h) Einn fulltrúi Körfuknattleiksdómarafélags Íslands.
~~i) Einn fulltrúi Körfuknattleiksþjálfarafélags Íslands.~~

Auk þess getur stjórn KKÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í körfuknattleiksfélagi innan sérráðs eða héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á körfuknattleiksþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði, en auk þess getur hann farið með eitt annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði.

**7. grein**
Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur, ef 2/3 hlutar ~~allsherjanefndar~~ formannafundar sem mæta til löglega ~~boðins fundar allsherjarnefndar~~ boðaðs formannafundar eða helmingur sambandsaðila óskar þess.

Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf. Á aukaþingi boðuðu af ~~allsherjarnefnd~~ formannafundi er heimilt að gera reglugerðabreytingar sem þegar hafa verið lagðar fram til umræðu á ~~allsherjarnefndarfundi~~ formannafundi.

Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um reglulegt körfukattleiksþing.

**8. grein**
**Störf körfuknattleiksþings eru:**

1. Þingsetning.
2. Kosning starfsmanna:
a) Kosning kjörbréfanefndar.
b) Kosning fyrsta og annars þingforseta.
c) Kosning fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning fastra nefnda:
a) Fjárhagsnefnd
b) Laga- og leikreglnanefnd.
c) Allsherjarnefnd.
Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

- ÞINGHLÉ -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning formanns.
12. Kosning sex meðstjórnenda ~~til tveggja ára~~ og þriggja manna varastjórn ~~til tveggja ára~~.
13. Kosning ~~fimm~~ sex manna í ~~dómstól~~ aga og úrskurðarnefnd KKÍ ~~til tveggja ára.~~
14. Kosning ~~tveggja~~ þriggja manna í ~~aganefnd~~ Áfrýjunardómstól KKÍ og ~~tveggja~~ þriggja til vara
~~15. Kosning þriggja aðila í félagaskiptanefnd og þriggja til vara.~~
~~16~~15. Kosning tveggja endurskoðenda.
~~17~~16. Kosning fulltrúa á Íþróttaþing.
~~18~~17. ~~Þingfundargerðir lesnar og staðfestar~~. Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.
~~19~~18. Þingslit.

Allir aðilar eru kosnir til tveggja ára.

Fái þeir sem um er kosið, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Ársskýrslu KKÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KKÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

~~Í ársskýrslu sinni til körfuknattleiksþings skal stjórn KKÍ jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.~~

**9. grein**
Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKÍ skipa sjö menn. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Á hverju þingi skal kjósa sex stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal þrjá varamenn til tveggja ára í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum. Formaður KKÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ eða varastjórn skulu tilkynna það til stjórnar KKÍ ekki síðar en 10 dögum fyrir ársþing körfuknattleiksþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal stjórn KKÍ hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi körfuknattleiksþingi.

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf.

Reikningsár KKÍ skal vera almannaksárið.

**10. grein**
Stjórn KKÍ skal strax að loknu körfuknattleiksþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd.
Dómaranefnd.
A-landsliðsnefnd karla.
A-landsliðsnefnd kvenna.
Unglinganefnd.
~~Kjörnefnd.~~
Fræðslunefnd

Hver nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

Stjórn KKÍ skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn KKÍ til staðfestingar. Nefndir KKÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag, nema stjórn KKÍ ákveði annað í skipunarbréfi. Stjórn KKÍ skal boða formenn nefnda og fulltrúa dómara eða þjálfara á stjórnarfundi þegar þurfa þykir eða þeir óska þess.

**11. grein**
Öll aðildarfélög KKÍ eiga rétt á að tilnefna mann ~~í allsherjarnefnd~~ á formannafund KKÍ. ~~Í henni~~ Þar eiga einnig sæti stjórnarmenn KKÍ. ~~Allsherjarnefnd~~ Formannafundur skal boðaður ~~til funda~~ minnst ~~þrisvar~~ tvisvar á meðan á Íslandsmóti stendur og skal einn fundur haldinn áður en mótið hefst. ~~Eigi skal líða lengri tími en þrír mánuðir milli funda nefndarinnar.~~ Formaður KKÍ boðar nefndina til fundar og stjórnar fundum hennar. ~~Allsherjarnefnd~~ Formannafundur er vettvangur umræðu um körfuknattleiksmál. ~~Hún~~ Hann er stjórn KKÍ einnig ráðgefandi um lausn ýmissa mála, sem koma upp milli körfuknattleiksþinga. Stjórn KKÍ verður að leggja endurskoðaða ársreikninga og fjárhagsáætlun KKÍ fyrir ~~allsherjarnefnd annað hvert ár þegar ekki er boðað til ársþings~~ formannafund það ár sem körfuknattleiksþing er ekki haldið. Fari svo að stjórnarmaður/menn segi sig úr stjórn KKÍ skal kosið um nýja varamenn á næsta formannafundi á eftir. Til að ná kjöri þarf einfaldan meirihluta.

**12. grein**
Starfssvið stjórnar KKÍ er m.a.:

1. Að framkvæma ályktanir körfuknattleiksþingsins.
2. Að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd.
3. Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
4. Að hafa eftirlit með, að leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við

alþjóðareglur.
5. Að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
6. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur.
7. Að líta eftir því, að lög og reglur KKÍ séu haldnar.
8. Að hafa yfirumsjón með ~~landsmótum~~ körfuknattleiksmótum.
9. Að samþykkja alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
10. Að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleiksliða í alþjóðamótum erlendis.
11. Að koma fram innanlands og erlendis f.h. körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.
12. Að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KKÍ ná ekki yfir
13. Að ákveða þátttökugjöld fyrir hvert tímabil.

~~13.~~ Stjórn og/eða framkvæmdastjóri KKÍ líta eftir því að lög og reglugerðir KKÍ og leikreglur séu haldin og geta vísað brotum aðila til ~~aganefndar eða dómstóls~~ aga og úrskurðarnefndar KKÍ eftir atvikum til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir KKÍ eru ekki fullnægjandi ~~getur hún~~ geta þau tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.

~~Stjórn KKÍ skal hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn ÍSÍ við ákvörðun á alþjóðamótum, sem haldin eru hérlendis ásamt landsmótum.~~

Stjórn KKÍ hefur frjálsan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KKÍ.

*Greinargerð: Eðlilegra er að kalla FIBA Europe – Körfuknattleikssamband Evrópu en evrópska körfuknattleikssambandið.*

*Nú þegar þing sambandsins er aðeins haldið annað hvert ár þá hefur formannafundur meira vægi, hann er því hafður sem einn af þeim þáttum sem stjórna starfsemi KKÍ.*

*Kennsluskýrslur eru eitthvað gamalt hugtak, í dag er miðað við iðkendatölur ÍSÍ.*

*Eytt út bráðabirgðartexta.*

*Nú þegar tímabilið tegist fram í lok apríl þá er óþarfi að loka á fyrstu helgina í maí sem helgi fyrir körfuknattleiksþing. Auk þess ætti ein vika að duga til að kynna sér skýrslu stjórnar.*

*Reglugerð um kjörnefnd hefur verið felld út og innihald hennar sett í lög sambandsins þar sem það á betur heima.*

*Íþróttafulltrúi ríkisins er ekki lengur til sem embætti.*

*Körfuknattleiksþjálfarafélag Íslands hefur ekki verið starfandi lengi, óþarfi að hafa þá á þessum lista.*

*Hugtakið alsherjarnefnd er gamalt hugtak á því sem kallast í dag formannafundur.*

*Óþarfi að taka fram í hverjum lið að fólk sé kosið til tveggja ára, búið að bæta því við fyrir neðan dagskránna að allir séu kosnir til tveggja ára.*

*Aganefnd, félagaskiptanefnd og dómstólar KKÍ eru í dag nefndir sem krefjast 19 einstaklinga en t.d. félagaskiptanefnd kemur mjög sjaldan saman. Þá eru dómstóll KKÍ og áfrýjunardómstóll skipaðir sömu einstaklingunum, sem er eins og að sömu dómarar dæmdu í héraðsdómi og hæstarétti. Hér er lagt til að félagaskiptanefnd, aganefnd og dómstóll verði sameinuð í aga og úrskurðarnefnd sem skipar 6 einstaklinga og svo verði til áfrýjunardómstóll KKÍ sem í sitja aðrir 6 einstaklingar.*

*Tillögur um úthlutun kennslustyrkja hafa ekki verið sendar til sambandsráðs í mörg mörg ár, óþarfi að hafa þetta með.*

*Nú þegar þing sambandsins er haldið annað hvert ár er ekki hægt að tala um ársþing, þingið heitir körfuknattleiksþing og því er það lagað allsstaðar í lögum og reglugerðum.*

*Óþarfi að taka fram hvaða starfsfólk stjórnin getur ráðið.*

*Kjörnefnd skal skipa þremur vikum fyrir körfuknattleiksþing, sbr grein 5 en ekki strax eftir þing. Skilgreining á skipun hennar er í grein 5 og á því ekki heima hér.*

*Hugtakið Allsherjarnefnd er gamalt hugtak yfir það sem kallast formannafundur í dag. Auk þess finnst nefnd sem starfar á körfuknattleiksþingi og heitir allsherjarnefnd, skapar misskilning að hafa tvær slíkar.*

*Nú þegar þing sambandsins er aðeins annað hvert ár og öll stjórn kosin til tveggja ára þá er nauðsynlegt að formannafundur hafi vald til að kjósa varamenn til að fylla fjölda þeirra ef stjórnarmenn segja af sér eða verða frá að hverfa.*

*Stjórn KKÍ hefur ekki eingöngu vald yfir landsmótum heldur öllum körfuknattleiksmótum.*

*Þá kemur stjórn fram fyrir körfuknattleikshreyfinguna innanlands einnig.*

*Stjórn KKÍ ákveður þátttökugjöld, þess hefur hvergi verið getið í lögum.*

*Eins og greinin um heimild stjórna og framkvæmdastjóra er sett upp í dag má túlka það þannig að bæði stjórn og framkvæmdastjóri þurfi að vera sammála um að vísa máli til aganefndar eða dómstóls. Með breytingunni er verið að reyna að skýra að það þurfi bara annar aðilinni að vísa máli til aga og úrskurðarnefndar.*

*Í lokin kemur gömul arfleifð sem þarf að henda út.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á lögum KKÍ** **Þingskjal nr. 2**

**13. grein**

~~**Dómstóll KKÍ:**~~
~~Dómstólar KKÍ eru tveir, dómstóll KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ. Dómarar í dómstólana skulu kosnir á körfuknattleiksþingi samkvæmt ákvæður m 8. gr. 13. Skulu þeir starfa eftir lögum fyrir dómstóla KKÍ~~

Stjórn KKÍ er heimilt að banna körfuknattleiksviðburði sem fara fram á sama tíma og stórleikir á vegum sambandsins.

Stjórn KKÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KKÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi.

Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KKÍ.

*Greinargerð: Nú þegar 2 ár líða milli þinga sambandsins er nauðsynlegt að stjórnin hafi vald til að breyta þeim reglugerðum sem eru í gildi svo hægt sé að starfa eðlilega.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á lögum KKÍ** **Þingskjal nr. 3**

### ~~14~~ 20. grein
Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

### ~~15~~ 21. grein
Tillögur um að leggja KKÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu körfuknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja KKÍ niður.
Ákveður það þing síðan hvernig skuli ráðstafa eignum KKÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiksíþróttinni í landinu.

~~LÖG FYRIR DÓMSTÓLA KKÍ~~
~~I.~~
~~Dómstólar Körfuknattleikssambands Íslands~~

~~**1. grein - Dómstigin.**~~

~~Dómstólar Körfuknattleikssambands Íslands eru Dómstóll KKÍ og Áfrýjunardómstóll KKÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands og sem varða lög og reglur Körfuknattleikssambands Íslands eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar KKÍ byggja niðurstöður sínar. Dómstólar KKÍ skulu lúta dómstólareglum Körfuknattleikssambands Íslands og skulu öll ágreiningsmál er varða körfuknattleik rekin fyrir dómstólum KKÍ. Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.~~

~~Dómstóll KKÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan körfuknattleiks-hreyfingarinnar.~~
~~Áfrýjunardómstóll KKÍ er æðsti dómstóll innan körfuknattleiks-hreyfingarinnar.~~
~~Dómstólar KKÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu KKÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 104 Reykjavík.~~

~~II~~
~~Dómstóll Körfuknattleikssambands Íslands~~

~~**2. grein - Skipan dómsins.**~~
~~Dómarar dómstóls KKÍ skulu vera 5 og allir löglærðir.~~
~~Dómarar skulu kosnir á reglulegu ársþingi KKÍ til setu fram að næsta reglulega ársþingi.~~
~~Á fyrsta dómarafundi eftir ársþing KKÍ skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og fyrsta og annan varaformann.~~
~~Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum fer með málið.~~
~~Dómsformaður dæmir ekki mál á þessu dómsstigi.~~

~~**3. grein - Kæruréttur.**~~
~~Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingur og félag, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.~~

~~**4. grein - Meðalganga og upplýsingagjöf.**~~
~~Aðila, sem hefur kærurétt skv. 3. grein, er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins~~

~~**5. grein - Kærufrestur.**~~
~~Kærufrestur til dómstóls KKÍ er 5 dagar frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með.~~
~~Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.~~

~~**6. grein - Form og efni kæru.**~~
~~Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:~~
~~1. Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kæranda.~~
~~2. Nafn kærða, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/póstfang kærða.~~
~~3. Nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans og símanúmer/faxnúmer /tölvupóstfang.~~
~~4. Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.~~

~~5. Lýsing helstu málavaxta.~~
~~6. Tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga.~~
~~7. Lýsing á helstu röksemdum aðila málsins.~~
~~8. Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.~~
~~9. Upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.~~
~~Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dóminum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.~~

**~~7. grein - Málsferð.~~**
~~Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu KKÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.~~
~~Formaður dómsins skal svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.~~
~~Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.~~
~~Sé dómsformaður forfallaður skulu varaformenn annast þau verkefni sem til falla í þeirri röð sem þeir eru kosnir.~~
~~Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða (varnaraðila) áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærunni. Áskorunina skal senda með ábyrgðarbréfi, faxi eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en ein vika. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 6. grein, eftir því sem við getur átt.~~
~~Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Körfuknattleiks-sambandi Íslands eða öðrum þeim sem málið varðar.~~
~~Þegar dómari hefur móttekið greinargerð varnaraðila, skal hann boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess, þ.m.t. hvort málið skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómþingi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari getur ákveðið annan hátt á málsmeðferð eftir þingfestingu.~~
~~Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur kveðinn upp innan viku frá því að málflutningi lauk.~~
~~Í úrslitakeppni allra flokka skal dómstóll KKÍ hraða málum eins og kostur er með hag úrslitakeppninnar fyrir brjósti.~~
~~Formaður dómstóls KKÍ ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum við gagnaöflun og til skýrslugjafar í þeim málum.~~
~~Úrskurður dómstóls KKÍ í úrslitakeppni er endanlegur, þ.e. engin áfrýjunarréttur er til staðar.~~
~~Birta skal aðilum dóm eða úrskurð á ábyrgðarbréfi, með faxi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.~~

**~~8. grein - Flýtimeðferð máls.~~**
~~Telji formaður dómsins augljóst við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum körfuknattleikshreyfingarinnar, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila, að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslausar er honum heimilt með úrskurði að dæma kæranda í hag.~~

**~~9. grein - Tilnefning talsmanns fyrir dómi.~~**
~~Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra KKÍ slíkt.~~
~~Framkvæmdastjóri KKÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi málinu.~~

~~III~~
~~Áfrýjunardómstóll KKÍ~~

**~~10. grein - Skipan dómsins.~~**
~~Dómsformaður dómstóls KKÍ er formaður Áfrýjunardómstóls KKÍ. Hann er dómsformaður í öllum málum sem til dómstólsins berast nema vanhæfi komi í veg fyrir það.~~
~~Dómsformaður velur tvo dómara Dómstóls KKÍ til setu með sér í hverju máli.~~
~~Fyrsti varaformaður Dómstóls KKÍ tekur sæti formanns þegar formaður er vanhæfur o.s.fv.~~
~~Ef ekki næst nægur fjöldi dómara úr Dómstól KKÍ til að dæma mál, skipar stjórn KKÍ dómara í dóminn eftir þörfum. Þeir skulu uppfylla sömu skilyrði og reglulegir dómarar Dómstóls KKÍ~~

**~~11. grein - Áfrýjun.~~**
~~Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls KKÍ, dómum og úrskurðum dómstóls KKÍ.~~
~~Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 5 dagar frá því dómur dómstóls KKÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.~~

~~Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.~~

**~~12. grein - Ný gögn og málsmeðferðarreglur.~~**
~~Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólnum. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.~~
~~Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.~~
~~Málsmeðferðarreglur II kafla laganna skulu gilda um áfrýjunardómstól KKÍ eftir því sem við á.~~

~~IV~~
~~Áfrýjunardómstóll ÍSÍ~~

**~~13. grein - Áfrýjun til ÍSÍ.~~**
~~Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Áfrýjun tekur þá aðeins til þeirra atriða máls er hafa slíkt almennt gildi og tilgreind eru í áfrýjunarskjali. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kæruatriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstólli ÍSÍ hafnar kæruatriðum áfrýjanda er málinu endanlega lokið.~~

~~V~~
~~Almenn ákvæði~~

**~~14. grein - Vanhæfi dómara.~~**
~~Dómari er vanhæfur til að fara með mál ef:~~
~~a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila.~~
~~b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem dómarar hafa.~~
~~c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið.~~
~~d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.~~
~~e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið.~~
~~f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið.~~
~~g. fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef dómari eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.~~
~~Stjórn KKÍ skal skipa dómara í dómstóla KKÍ tímabundið ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.~~

**~~15. grein - Lögsaga.~~**
~~Undir dómstóla KKÍ heyra öll brot á lögum og reglum KKÍ.~~

**~~16. grein - Dómsniðurstöður.~~**
~~Auk laga og reglugerða KKÍ, má dómstóll eftir atvikum byggja niðurstöðu sína á dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ eftir því sem við getur átt. Dómstólar KKÍ geta í dómsorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:~~
~~1. Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.~~
~~2. Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til KKÍ.~~
~~3. Ákveðið sektir á aðildarfélög.~~
~~4. Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.~~

~~Þær refsingar sem dómstólar KKÍ geta beitt eru:~~
~~1. Áminning.~~
~~2. Vítur.~~
~~3. Svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan körfuknattleikshreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).~~
~~4. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan körfuknattleikshreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.~~
~~5. Aðrar refsingar er lög eða reglur Körfuknattleikssamband Íslands tiltaka.~~

**~~17. grein - Þingbækur/Dómabækur.~~**
~~Við dómstóla KKÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.~~

~~Við dómstóla KKÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KKÍ.~~

~~**18. grein - Lyfjaeftirlit.**~~
~~Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið meðskv. reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.~~

~~**19. grein - Niðurfelling refsingar.**~~
~~Ársþingi KKÍ er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan körfuknattleikshreyfingarinnar.~~

**14. grein**
Dómstig KKÍ eru:
a) Aga og úrskurðarnefnd KKÍ
b) Áfrýjunardómstóll KKÍ

**Aga og úrskurðarnefnd KKÍ**

**15. grein**

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þremur mönnum. Skulu þeir kosnir á körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KKÍ og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KKÍ og aga- og úrskurðarreglum KKÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ.

**Áfrýjunardómstóll KKÍ**

**16. grein - Almennt**

Áfrýjunardómstóll KKÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól.

**17. grein – Skipun**

Áfrýjunardómstóll KKÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu körfuknattleiksþingi til setu fram að næsta reglulega körfuknattleiksþingi og kýs dómstóllinn sér forseta.

Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól KKÍ og skulu a. m. k. þrír fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.

**18. grein - Áfrýjanir**

Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

**19. grein - Lögsaga o.fl.**

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KKÍ eftir því sem við á.

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KKÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KKÍ að reka málið fyrir nefndum innan KKÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum

Ágreiningsmál aðila innan vébanda KKÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends körfuknattleikssambands skal fara með samkvæmt reglum FIBA World eða FIBA Europe og hefur FIBA World eða FIBA Europe lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIBA World eða FIBA Europe í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIBA World eða FIBA Europe er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

Bráðabirgðarákvæði,
Lög þessi taka gildi við samþykkt á ~~ársþingi~~ körfuknattleiksþingi ~~KKÍ~~ og að fenginni staðfestingu ÍSÍ.

~~Ársþing KKÍ 2007 sem samþykkir lög þessi skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og þrjá varamenn til tveggja ára. Formaður KKÍ og þeir meðstjórnendur sem eigi eru í kjöri verða næst í kjöri á ársþingi KKÍ 2009.~~

*Greinargerð: Dómstóll KKÍ verður lagður niður í núverandi mynd og settur undir Aga og úrskurðarnefnd annars vegar og Áfrýjunardómstól KKÍ hins vegar. Félagaskiptanefnd og aganefnd verða líka hluti af Aga og úrskurðarnefnd. Með þessu eru dómstigin orðin tvö og ekki sömu menn að dæma á báðum stigum. Það þarf færri manneskjur í þessar tvær nefndir en þarf í allar nefndirnar sem falla inn í þetta. Oft gengur erfiðlega að finna fólk í nefndir og því ætti þetta að einfalda málin. Eins eru fleiri að dæma og geta dreift álagi. Með þessu verður dómskerfið eðlilegra og einfaldara.*

*Sérstakar reglugerðir eru samdar fyrir hvort dómstig.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð fyrir dómaranefnd** **Þingskjal nr. 4**

1. Yfirstjórn allra dómaramála skal vera í höndum þriggja manna nefndar. Nefndin nefnist dómaranefnd. Stjórn KKÍ skipar þrjá menn í nefndina. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn KKÍ.
2. Nefndin raðar dómurum á alla leiki meistarflokks í Íslandsmótum~~i~~, ~~og~~ bikarkeppnum~~i~~, fyrirtækjabikarmótum~~keppni~~, meistarakeppnum~~i~~ og öðrum keppnum~~i~~ sem kann að verða komið á. Þá raðar nefndin dómurum á alla leiki í unglingaflokkum~~ a.m.k. einum dómurum á alla leiki í drengjaflokki~~, alla undanúrslitaleiki og úrslitaleiki í öðrum flokkum, sem og alla leiki í bikarkeppni yngri flokka. Nefndin raðar einnig dómurum á aðra leiki og keppnir komi um það ósk frá stjórn KKÍ.
3. Dómaranefnd skal skipuleggja og sjá um hið minnsta tvö dómaranámskeið fyrir nýliða á hverju ári (ef þátttaka fæst), þar af annað snemma ~~að~~ hausts~~i áður en keppni hefst~~. Dómaranefnd skal einnig skipuleggja og sjá um útgáfu og dreifingu upplýsinga um dómaramál. Dómaranefnd skal sjá um að boða til og halda þrekpróf fyrir starfandi dómara tvisvar á ári, að hausti áður en keppnistímabil hefst, og í janúar. Þá skulu starfandi dómarar boðaðir til fundar og samráðs fyrir upphaf keppnistímabils.
4. Nefndin skipar dómurum í fjóra flokka:

   A. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma í úrvalsdeild karla.
   B. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma í úrvalsdeild kvenna og 1. deild karla ~~aðra meistaraflokksleiki~~.
   C. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma aðra meistaraflokksleiki ~~leiki yngri flokka (raða af KKÍ)~~.
   D. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma leiki yngri flokka í fjölliðamótum (hjá félögum).

   Dómaranefnd hefur heimild til að raða dómurum einum flokki upp fyrir þann flokk sem þeir eru í, telji nefndin þörf á því.

   Dómaranefnd skal halda skrá yfir nöfn og réttindi ~~alla~~ dómara á vegum ~~innan~~ KKÍ og dómara sem dæma í fjölliðamótum félaga og hafa verið tilkynntir sem slíkir af sínum félögum til dómaranefndar.~~réttindi þeirra.~~
5. Dómaranefnd setur dómurum starfsreglur í upphafi keppnistímabils og kynnir félögum. Þá skulu haldnir kynningar- og samráðsfundir dómaranefndar og félaga. Starfandi dómarar, þjálfarar og forsvarsmenn félaga skal boða til fundanna. Fundinn skal halda fyrir upphaf ~~þrisvar á~~ keppnistímabils~~i~~ og oftar ef dómaranefnd KKÍ metur svo.~~, þar af skal einn haldinn fyrir upphaf keppnistímabils.~~
6. Dómaranefnd KKÍ er heimilt að sekta dómara mæti hann ekki í leik sem hann hefur verið settur á í niðurröðun dómaranefndar. Dómaranefnd skal í upphafi leiktíðar ákveða upphæð sektar. Sektarfjárhæðin rennur til KKÍ sem sér um innheimtu hennar.
7. Dómaranefnd skal skipa eftirlitsmann (commissioner) á alla leiki í úrslitakeppni úrvalsdeilda~~r~~ karla og kvenna og 1. deildar karla ~~kvenna~~, á undanúrslit og úrslit bikarkeppni karla og kvenna og á úrslit í fyrirtækjabikarkeppni. Viðkomandi eftirlitsmaður skal hafa dómararéttindi og/eða FIBA-réttindi sem slíkur. Verksvið viðkomandi eftirlitsmanns skal vera hið sama og hjá eftirlitsmanni (commissioner) hjá FIBA og skal hann gefa umsögn um framkvæmd leiks og og dómgæslu til dómaranefndar. Nefndin hefur heimild til, að ósk stjórnar KKÍ eða að eigin frumkvæði, að skipa eftirlitsmann á aðra leiki ef þurfa þykir.
8. Dómaranefnd hefur heimild til að viðhalda skilvirku kerfi til einkunnagjafar á dómurum og dómgæslu þeirra. Útfærsla kerfisins er í höndum dómaranefndar hverju sinni. Dómaranefnd hefur heimild til að birta niðurstöður hvenær sem er á keppnistímabilinu eða í lok þess, sýnist nefndinni svo.
9. Dómaranefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fastan viðverutíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.

*Greinargerð: verið er að lagfæra orðalag, innsláttarvillur og málvillur. Auk þess er skýrt hvaða leiki dómarar hafa réttindi til að dæma m.v. röðun dómaranefndar hverju sinni. Í reglugerð um dómaranefnd hefur dómaranefnd borið skylda til að halda þrjá fundi á hverju keppnistímabili með þjálfurum, forsvarsmönnum félaga og starfandi dómurum. Erfitt hefur reynst að halda einn fund á hverju tímabili, hvað þá þrjá og því er gerð breyting þar á.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn** **Þingskjal nr. 5**

1. Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar ~~Evrópulands~~ þjóða innan FIBA Europe.

   Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang Evrópulands og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum ~~FIB~~ FIBA, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með evrópskt ríkisfang milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmenns með evrópskt ríkisfang úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.
2. Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma. ~~Sjá þó reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ~~.

   ~~Á tímabilinu 6. janúar - 30. apríl er erlendum leikmanni óheimilt að leika fyrir félagsliðs nema ef sami eða annar erlendur leikmaður hafi þegar leikið fyrir liðið fyrra á sömu leiktíð.~~
3. Félög sem óska eftir heimild fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi skal leggja fram leikheimild (letter of clearance) ~~frá heimalandi leikmanns eða~~ frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist þar á meðal staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða fyrir viðkomandi leikmann. Veiti FIBA af einhverjum ástæðum ekki keppnisleyfi fellur það úr gildi strax og KKÍ tilkynnir viðkomandi félagi um það. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.
   ~~Stjórn~~ KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni með ríkisfang utan Evrópu keppnisleyfi nema félag það sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við KKÍ.
   Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram..
4. ~~Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn~~.
5. 4. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á ~~tímabilinu 1. október til 15. apríl~~ keppnistímabilinu, sbr Reglugerð um körfuknattleiksmót, í mótum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlendis sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löglegur með hinu nýja félagi ~~einum mánuði~~ ~~eftir móttöku KKÍ á beiðni um félagaskipti~~ þegar félagaskipti hafa verið samþykkt af KKÍ. Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir ~~15. desember~~ 5. janúar til loka keppnistímabils eru háð samþykki ~~félagaskiptanefndar~~ Aga og úrskurðarnefndar.
6. 5. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með ~~15. apríl~~ lokum keppnistímabils. Hafi félag sagt samningi við erlendan leikmann lausum þarf ekki samþykki þess við félagaskipti.
7. 6. Erlendur leikmaður skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.
8. 7. Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef:
   a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.
   b) Leikmenn gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað óprúðmannalega framkomu við dómara eða starfsmenn leiks.
9. 8. Sömu reglur gilda fyrir erlenda leikmenn og íslenska leikmenn, nema annað sé tekið fram.
10. 9. Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglugerð þessari þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

*Greinargerð: Ítreka að átt sé við þjóðir innan FIBA Europe, t.d. er Ísrael í FIBA Europe en er samt ekki Evrópuland.*

*Reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild og bikarkeppni KKÍ mun detta út.*

*Félög þurfa ekki að hafa haft erlendan leikmann fyrir 6. jan til að fá nýjan. Málsgrein fellur út.*

*Erlendir leikmenn verða að fá LOC frá því landi sem þeir léku í síðast, ekki heimalandi sínu.*

*Ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir erlendum leikmönnum til ÍSÍ í háa herrans tíð.*

*Keppnistímabil er skilgreint í Reglugerð um körfuknattleiksmót, í dag eru allskonar dagsetnignar hingað og þangað um reglugerðir KKÍ og með því að tala bara um keppnistímabil þá er hægt að breyta því bara á einum stað.*

*Óþarfi að erlendir leikmenn verði að bíða í 1 mánuð eftir félagaskiptum á meðan aðrir fá þau samdægurs. Eins að sama dagsetning gildi um síðasta séns hjá þeim eins og öðrum leikmönnum.*

*Félagaskiptanefnd verður hluti af Aga og úrskurðarnefnd.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð fyrir mótanefnd** **Þingskjal nr. 6**

1. Stjórn KKÍ skipar þrjá menn í mótanefnd til tveggja ára. Formann nefndarinnar skal skipa sérstaklega. ~~Allsherjarnefnd er heimilt að tilnefna annan eða báða hina nefndarmennina~~.
2. Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd allra leikja á vegum KKÍ.
3. Verkefni mótanefndar er:

   **a)** að gera tillögur að deildarskipulagi.
   **b)** að gera tillögur að leikjafyrirkomulagi í samráði við ~~framkvæmdaaðila í héraði~~ félög. ~~Ef lið í Úrvalsdeild karla eða í I. deild karla eða kvenna þarf að leika heimaleik utan héraðs skal mótanefnd annast framkvæmd þeirra~~.
   **c)** að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
   **d)** að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.
   **e)** að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
   **f)** að samræma keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi saman að nauðsynjalausu.
   **g)** að gera tillögu að ~~leikjaskrá~~ leikjaniðurröðun til stjórnar KKÍ. Stjórn KKÍ sér um útgáfu ~~leikskrár~~ leikjaniðurröðun og innheimtu þátttökugjalda.
   **h)** að gera tillögu að mótafyrirkomulagi til stjórnar KKÍ ef ljóst er að mótahald verði ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um körfuknattleiksmót.
4. Mótanefnd auglýsir eftir þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót, Bikarkeppni KKÍ og Fyrirtækjabikar. ~~Minniboltamóti og tekur á móti þeim eða veitir framkvæmdaaðila í héraði (svæðanefnd) umboð til þess~~. Mótanefnd auglýsir fyrir 1. ágúst helgar sem halda má minniboltamót. Félög geta sótt um að halda slík mót á auglýstum helgum. Auglýsi félag slíkt mót án leyfis mótanefndar skal félagið sektað um upphæð sem stjórn KKÍ ákveður á hverju vori.
5. Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts, ~~og~~ Bikarkeppni og Fyrirtækjabikars skal skila til mótanefndar á tilsettum tíma í samræmi við reglugerð um körfuknattleiksmót. Mótanefnd er heimilt að hafna umsóknum sem ekki berast fyrir tilsettan tíma.

   Þátttökutilkynningar skulu vera ~~skriflegar~~ á því formi sem mótanefnd KKÍ óskar hverju sinni og skal það vera ljóst fyrir 1. júní ár hvert. Sama gildir um sérstakar óskir sem félögin vilja koma á framfæri. Mótanefnd sendir út uppkast að ~~leikjaskrá~~ leikjaniðurröðun fyrir 20. ágúst. Félög hafa frest til 1. september til að skila athugasemdum.

   Mótanefnd skilar stjórn KKÍ endanlegri tillögu að leikjaskrá fyrir 20. september. ~~Stjórn KKÍ annast útgáfur leikjabókar og innheimtu þátttökugjalda.~~
6. ~~Mótanefnd er heimilt að skipa sérstakar svæðisnefndir. Svæðisnefndirnar eru skipaðar einum fulltrúa frá hverju félagi á svæðinu. Svæðisnefndirnar eru undirnefndir Mótanefndar og starfa í umboði hennar. Svæðisnefndirnar skuli skipa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem sjái um framkvæmd svæðismóta.~~
7. ~~7.~~ 6. Boða þarf til leiks með sannanlegum hætti, með minnst viku fyrirvara. Mótanefnd er skylt að tilkynna breytingar á ~~leikskrá~~ leikjaniðurröðun með sannanlegum hætti. ~~Ef boða þarf til leiks vegna breytinga á mótaskrá skal það gert með minnst viku fyrirvara.~~ Ef gera þarf breytingu á leikjaniðurröðun, þá skal hún gerð með að minnsta kosti viku fyrirvara.
8. 7. ~~Félög skulu tilnefna sérstakan mann, samstarfsmann til að annast samskipti við mótanefnd. Samstarfsmenn skulu hafa aðgang að síma, svo unnt sé að ná sambandi við þá með stuttum fyrirvara.~~ Félög skulu tilnefna forsvarsmann, samstarfsmann til að annast samskipti við mótanefnd.

   Félögin skulu tilkynna mótanefnd nöfn, heimilisföng, netföng, heimasíma, gsm síma og vinnusíma samstarfsmanna sinna. Það er á ábyrgð félaga að réttar upplýsingar séu á skrá hjá KKÍ.
9. 8. Mótanefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fasta viðtalstíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.
10. 9. Mótanefnd hefur heimild til í samvinnu við dómaranefnd skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefur umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu. ~~Þá skal ævinlega skipa eftirlitsmann á alla leiki í úrslitakeppninni og úrslitaleik bikarkeppni~~.
11. ~~11. 10. Öll málefni sem skv. gildandi reglum eiga að ákvarðast af stjórn KKÍ skulu send stjórninni til umsagnar áður en mótanefnd afgreiðir málið.~~
12. 10. Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar KKÍ þremur vikum fyrir körfuknattleiksþing.

*Greinargerð: Skipa menn í 2 ár, milli þinga.Stjórnin skipar alla þrjá í dag, óþarfi að vera að tengja það formannafundi.*

*Greinilega gömul reglugerð sem hefur ekki verið uppfærð lengi. Hlutir sem er hent út þess vegna.*

*Undanfarin ár hefur minniboltamótum fjölgað, Hópbílamót, Samkaupsmót, Actavismót, Íslandspóstsmót og hvað þau öll heita. Þessi mót eru orðin það mörg að það er okkar mat að nauðsynlegt er orðið að miðstýra dagsetningum fyrir þessi mót svo þau skarist ekki á við hvert annað og aðra stór viðburði í körfuboltaheiminum. Eins er sett inn sektarákvæði til að félög fari eftir þessu.*

*Í nýju mótakerfi verður hægt að senda inn þátttökutilkynningar rafrænt og því óþarfi að hafa í reglugerð að það eigi að vera skriflegt.*

*Útgáfu leikjabókar var hætt fyrir nokkrum árum og óþarfi að taka fram tvisvar að stjórnin innheimit þátttökugjöld.*

*Svæðisnefndir er eitthvað gamalt fyrirbrigði sem er löngu dáið.*

*Félög skulu tilkynna gsmnúmer og netföng auk annarra upplýsinga sem hafa verið inni. Þá er nauðsynlegt að það sé á ábyrgð félaganna sjálfra að réttar upplýsingar séu hjá KKÍ.*

*Í reglugerð um dómaranefnd er tekið fram hvenær eigi að skipa eftirlitsmenn á leiki.*

*11. grein er óskýr og er felld út. Hefur ekki tilgang.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð KKÍ um félagaskipti** **Þingskjal nr. 7**

1. **Hlutgengi:**

a) Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KKÍ er hver sá íslenskur ríkisborgari sem félagsbundinn er í félagi innan KKÍ, og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma. Félagaskipti og hlutgengi annarra en íslenskra ríkisborgara fer eftir reglugerð um erlenda leikmenn.

b) Þar sem reglur um hlutgengi leikmanns, sem leikur með fleiri en einum keppnisflokki, stangast á, skal viðkomandi leikmaður einungis hlutgengur með þeim flokki/flokkum þar sem hann uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar. ~~Leikmaður getur einungis verið hlutgengur í einu félagi í einu.~~

c) Um félagaskipti íslensks leikmanns til félags í ríki innan FIBA gilda reglur FIBA. Leikmanni er ekki heimil keppni fyrr en KKÍ hefur gefið út leyfi (letter of clearence) samkvæmt reglum FIBA.
Um félagaskipti íslensks leikmanns sem leikið hefur með félagi í öðri ríki innan FIBA og félgaskipti ríkisborgara í löndum sem eru aðilar að hinu evrópska efnahagssvæði gilda sömu reglur og um félagaskipti milli félaga innan KKÍ.

d) Hlutgengi eða félagaskipti leikmanna er dvalist hafa um tíma erlendis við nám í ríki utan FIBA Europe, og leikið þar körfuknattleik með félags- eða skólaliði, skal háð samþykki ~~félagaskiptanefndar~~ aga og úrskurðarnefndar. Getur nefndin krafið viðkomandi leikmann um gögn er hún telur nauðsynleg s.s. gögn um aðild félags/skóla að sérsambandi þess ríkis. Skal nefndin við ákvörðun sína bundin af ákvæðum 8.gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ.

e) Félögum er heimilt að gera á milli sín venslasamninga sem fela það í sér að leikmenn geta verið hlutgengir með tveimur félögum á sama tíma. Um venslasamninga gildir sérstök reglugerð.

2. **Tímabil félagaskipta:**

a) Tímabil félagaskipta skulu vera tvö, innan og utan keppnistímabils, og gilda um þau mismunandi reglur. Meginregla félagaskipta skal vera sú að þau fari fram utan keppnistímabils, á tímabilinu ~~1. júní~~ 15. maí til ~~30~~15. september ár hvert. Félagaskipti utan keppnistímabils eru frjáls í öllum flokkum, að öðru leyti en leiðir af reglugerð þessari. Tímabilið ~~1. október~~ 16. september til ~~31~~15. maí telst vera keppnistímabil samkvæmt reglugerð þessari.

b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla og kvenna skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til ~~28~~5. febrúar, vera frjáls. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili löglegur með hinu nýja félagi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti skal dagsetning póststimpils gilda sem móttökudagur.

c) Félagaskiptum skal synjað ef í gildi er leikmannasamningur sem skráður hefur verið hjá ~~félagaskiptanefnd~~ skrifstofu KKÍ í samræmi við ~~b) lið~~ 3. grein~~ar~~. Frá þessu skal vikið ef félag leikmannsins samþykkir félagaskiptin. Gilda þá almennar reglur þessarar greinar ásamt reglugerð um leikmannasamninga um heimildir til félagaskipta innan og utan keppnistímabils.

d) Félagaskiptum í mfl. karla og kvenna á keppnistímabili er skipt í tvo hluta. Fyrsti hluti keppnistímabils telst vera 1. október til 5. febrúar, og eru á þeim hluta sömu skilyrði félagaskipta og skv. b-lið. Annar hluti keppnistímabils telst vera frá 6. febrúar til 31. maí og eru félagaskipti á þeim tíma með öllu óheimil.

e) Ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til ~~félagaskiptanefndar~~ aga og úrskurðarnefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. ~~Heimilt er félagaskiptanefnd að úrskurða hvern aðila málsins til greiðslu gjalds skv. g-lið 3. gr~~.

~~3. **Félagaskiptanefnd:**~~

~~a) Félagaskiptanefnd skal skipuð fjórum nefndarmönnum. Ársþing KKÍ skal kjósa þrjá menn í félagaskiptanefnd, auk þriggja varamanna, til eins árs í senn. Stjórn KKÍ tilnefnir formann, auk varamanns. Verði atkvæðagreiðsla innan nefndarinnar jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Hlutverk félagaskiptanefndar skal m.a. vera að úrskurða um ágreining er varðar félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari.~~

~~b) Félagaskiptanefnd annast skráningu leikmannasamninga hjá félögum. Skal félag, eigi síðar en 1 mánuði eftir stofnun samnings, senda félagaskiptanefnd yfirlýsingu um slíka samninga með upplýsingum um það hversu lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félaginu. Tilkynningin skal vera undirrituð af viðkomandi félagi og leikmanni, eða forsvarsmanni hans ef leikmaður er yngri en fullra 18 ára. Óskráðir leikmannasamningar eða samningar sem skráðir eru síðar en 1 mánuði eftir undirskrift, hafa ekki þýðingu við ákvörðun KKÍ eða félagaskiptanefndar um félagaskipti.~~

~~c) Kæruheimild til félagaskiptanefndar hafa félög þau er aðild eiga að skiptunum, auk viðkomandi leikmanns. Kæruheimild í tengslum við d-lið 1. gr. eiga öll félög í viðkomandi deild. Stjórn KKÍ getur einnig skotið málum til félagaskiptanefndar fái hún rökstuddan grun um að félagaskipti hafi fengist samþykkt með röngum forsendum. Úrskurði félagaskiptanefndar verður ekki áfrýjað.~~

~~d) Félagaskiptanefnd hefur vald til að heimila félagaskipti skv. b-lið 2.gr. þrátt fyrir að félag sem aðild á að skiptunum neiti að rita undir beiðni leikmanns um félagaskipti, ef ekki standa nægileg rök til þeirrar neitunar að mati nefndarinnar.~~

~~e) Framkvæmdastjóri KKÍ hefur með höndum milligöngu við félagaskiptanefnd. Ef skjóta þarf máli til félagaskiptanefndar skal erindi sent til skrifstofu KKÍ, ásamt greinargerð þess er óskar úrskurðar nefndarinnar. Skal félagaskiptanefnd gefa öllum aðilum málsins viku frest til að skila greinargerð af sinni hálfu, og skal úrskurður nefndarinnar liggja fyrir innan tveggja vikna frá upphaflegu erindi. Úrskurði nefndin að félagaskipti skuli heimiluð þá lengir meðferð málsins ekki mánaðarfrest skv. b-lið 2. gr., heldur skal viðkomandi leikmaður verða löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði frá móttöku upphaflegs erindis á skrifstofu KKÍ.~~

~~f) Aðili er óskar úrskurðar félagaskiptanefndar, skal greiða gjald til KKÍ, sem stjórn sambandsins ákvarðar á fyrsta fundi að afloknu ársþingi hvert ár. Skal það gjald gilda um öll félagaskipti er koma til kasta nefndarinnar fram að næsta ársþingi á eftir. Heimilt er stjórn KKÍ að ákveða mismunandi gjaldflokka eftir keppnisflokkum.~~

~~g) Nefndarmaður í félagaskiptanefnd skal víkja sæti ef félag hans á aðild að félagaskiptum þeim er til meðferðar eru, og skal varamaður hans taka sæti við meðferð þess máls. Sömu vanhæfisreglur gilda um varamenn. Engar aðrar takmarkanir eru á sérstöku hæfi nefndarmanna.~~

4. **3. Framkvæmd félagaskipta:**

a) Beiðni um félagaskipti skal gerð á félagaskiptaeyðublaði útgefnu af KKÍ. Í beiðni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og keppnisflokkur/-flokkar viðkomandi leikmanns, og félög þau er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags , sem gengið er úr.

b) Fyrir félagaskipti skal leikmaður greiða KKÍ ákveðið gjald, sem ákveðið er á ~~ársþingi KKÍ ár hvert~~ Körfuknattleiksþingi annað hvert ár, að fenginni tillögu frá stjórn KKÍ. Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni sem er 20 ára og eldri félagaskipti nema félagið sem leikmaðurinn hyggst ganga í sé skuldlaust við KKÍ.

c) Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKÍ, og skal árita þar móttökudag beiðninnar. Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnast ekki meðferðar félagaskiptanefndar, skal beiðni um félagaskipti staðfest innan viku frá móttöku beiðninnar.

d) Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli reglna þessara skal hún endursend viðkomandi aðila innan viku frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi vikufrest til að bæta úr þeim göllum, og skal þá upphaflegur móttökudagur gilda. Ef úrskurðar félagaskiptanefndar er þörf til að beiðni sé tekin til greina skal tilkynna aðilum um það, en félagaskipti miðast þá við móttökudag nýrrar beiðni.

*Greinargerð: Þetta er tekið fram í lið 1e.*

*Félagskiptatímabil samræmt við keppnistímabil.*

*Félagaskiptanefnd fellur inn í Aga og úrskurðarnefnd. Félagaskiptanefnd hefur varla þurft að starfa undanfarin ár. Það kostar því bara tíma að finna fólk til að sitja í henni og hlutverk hennar á vel heima undir Aga og úrskurðarnefnd. Skráning leikmannasamninga er færð inn í reglugerð um leikmannasamninga.*

*Samkvæmt lögum KKÍ er ekkert til sem heitir Ársþing, aðeins Körfuknattleiksþing. Auk þess er þetta þing aðeins haldið annað hvert ár og því ekki hægt að ákveða gjaldið á hverju ári.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ** **Þingskjal nr. 8**

Reglugerðin verði lögð niður.

*Greinargerð: Það sem er nýtanlegt er sett inn í reglugerð um körfuknattleiksmót.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um A-landsliðsnefndir** **Þingskjal nr. 9**

1. A-landsliðsnefnd karla skipa ~~5~~ 3 aðilar skipaðir af stjórn KKÍ. A-landsliðsnefnd kvenna skipa ~~5~~ 3 aðilar skipaðir af stjórn KKÍ. Landsliðsnefndir ~~kemur~~ koma með tillögu að ráðningu landsliðsþjálfara til stjórnar KKÍ.
2. Landsliðsnefndir ~~og landsliðsþjálfari annast val allra landsliða og kemur~~ koma með tillögur til stjórnar KKÍ um landsleiki, svo og þátttöku í mótum.
3. Stjórn KKÍ skal tryggja landsliðsnefndum ákveðna upphæð til starfsemi ~~nefndarinnar~~nefndanna.
4. Stjórn KKÍ skal setja ~~nefndinni~~ nefndunum erindisbréf, þar sem ákveðið er fyrirkomulag þeirra mála sem ekki eru ákveðin í lögum og reglugerðum KKÍ.

*Greinargerð: Þetta er greinilega gömul reglugerð sem hefur fjallað um eina nefnd. Nú eru þær tvær og því þarf að fjalla um hlutina í fleirtölu.*

*Líka að taka fram að átt sé við val á A landsliðum en ekki öllum landsliðum.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um aganefnd** **Þingskjal nr. 10**

Reglugerðin verði lögð niður.

*Greinargerð: Aganefnd verður lögð undir Aga og úrskurðarnefnd.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um búninga, auglýsingar og búnað körfuknattleiksliða** **Þingskjal nr. 11**

Reglugerðin verði lögð niður.

*Greinargerð: Reglugerðin sett undir reglugerð um körfuknattleiksmót.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um dómarasjóð.** **Þingskjal nr. 12**

Núverandi reglugerð verði felld úr gildi og eftirfarandi reglugerð komi í staðinn.

**Reglugerð um fræðslusjóð**

1. Tilgangur sjóðsins er að efla fræðslu á vegum KKÍ hverju nafni sem hún nefnist.
2. Stjórn sjóðsins skal skipuð formanni KKÍ, formanni fræðslunefndar og formanni dómaranefndar. Stjórn sjóðsins skal taka mið af fræðsluáætlun KKÍ hverju sinni og mati á fræðsluþörf sem fræðslunefnd leggur fram 1. maí ár hvert.
3. Stjórn sjóðsins skal leggja fram áætlun um nýtingu fjármagns úr sjóðnum til stjórnar KKÍ eigi síðar en 1. júní ár hvert. Áætlunin skoðast samþykkt geri stjórn KKÍ ekki athugasemd við áætlunina fyrir 1. ágúst.
4. Sjóðurinn niðurgreiðir kostnað við þau námskeið sem skipulögð eru af dómaranefnd og fræðslunefnd. Leitast skal við að hafa námskeiðin á sem flestum stöðum_um landið. Sjóðurinn skal einnig standa undir kostnaði KKÍ við haustfund dómara.
5. **Framlög félaga í sjóðinn**
   Félög í efstu deild karla greiða hvert kr. 75.000 á ári í sjóðinn, félög í efstu deild kvenna og fyrstu deild karla greiða hvert kr. 50.000 á ári í sjóðinn. Gjalddagi skal vera 1. október. Skuldi félag í fræðslusjóðinn skal sú skuld teljast vera skuld við KKÍ.
6. Fræðslusjóður tekur yfir þær skyldur sem lagðar hafa verið á fræðslusjóð. Allt það fjármagn sem lagt hefur verið í dómarasjóð skal flytjast yfir í fræðslusjóð við samþykkt þessarar reglugerðar.

*Greinargerð: ákveðin tækifæri mynduðust við stofnun dómarasjóðs KKÍ. Sjóðurinn hefur staðið undir kostnaði við dómaranámskeið og aðra dómarafræðslu. Stjórn KKÍ hefur lagt á það áherslu að auka fræðslu, m.a. til þjálfara sbr. ný fræðsluáætlun KKÍ, nú er lag að útvíkka hlutverk sjóðsins og efla fræðsluhlutverk KKÍ til frambúðar.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um fyrirtækjabikar KKÍ** **Þingskjal nr. 13**

Reglugerðin verði lögð niður.

*Greinargerð: Reglugerðin lögð í heild sinni inn í reglugerð um körfuknattleiksmót.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um kjörnefnd** **Þingskjal nr. 14**

Reglugerðin verði lögð niður.

*Greinargerð: Reglugerðin sett í heilu lagi inn í lög sambandsins.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót** **Þingskjal nr. 15**

1. Aðeins félög innan Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) eiga rétt til að taka þátt í opinberum körfuknattleiksmótum. Öll körfuknattleiksmót og körfuknattleikir skulu fara fram skv. lögum ÍSÍ og sérreglum um körfuknattleik.

   Samþykktir Alþjóðarkörfuknattleikssambandsins (FIBA) og Körfuknattleikssambands Evrópu (FIBA Europe) eru bindandi fyrir KKÍ.

2. Íþróttamaður eða leikmaður æfir sig og keppir á eigin ábyrgð og ber framkvæmdastjórn viðkomandi móts enga ábyrgð á, þótt hann meiðist eða verði fyrir slysi í keppni.

3. Heimboð erlendra körfuknattleiksliða og utanferðir sambandsaðila til þátttöku í opinberum mótum skulu vera með samþykki KKÍ og ÍSÍ. ~~Heimsóknir milli félaga og landshluta skulu fara fram með leyfi viðkomandi körfuknattleiksráðs. Félag, sem hefur í hyggju að leika við útlent félag, skal sækja um leyfi þar um til KKÍ og ÍSÍ.~~

4. Félögum innan KKÍ og ÍSÍ er heimilt að stofna til keppni innan ákveðinna svæða t.d. eins bandalags eða fleiri, svonefndra héraðsmóta, að fengnu leyfi ÍSÍ og KKÍ. Með umsóknum um leyfi til keppni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

   a) Nafn keppninnar.
   b) Hvaða félög hafi rétt til keppninnar.
   c) Hvort keppt skuli skv. útsláttaraðferðinni (úr keppni eftir tapaðan leik) eða eftir flokkakerfinu.
   d) Hvort keppt sé um verðlaun.

   Mótanefnd~~um~~ KKÍ er óleyfilegt að breyta ákvæðum um viðkomandi mót en getur hafnað umsóknum um mót ef umsóknum er ábótavant eða ef sýnt þykir að viðkomandi mót falli ekki að keppnisdagatali KKÍ.

   ~~Hvert bandalag innan KKÍ skal senda skýrslu um bandalagsmót til KKÍ í síðasta lagi 14 dögum eftir að mótinu er lokið.~~

5. Um vallarstærð gildir ákvæði körfuknattleiksreglna, en þó getur KKÍ eða viðkomandi körfuknattleiksráð, þegar um héraðsmót er að ræða, veitt undanþágu ef sérstaklega stendur á eða ef óskað er. Stjórn KKÍ getur einnig veitt undanþágu frá ákvæðum körfuknattleiksreglna um vallarstærð fyrir þá flokka sem leika í ~~svæðiskeppni~~ Íslandsmótum og bikarkeppnum KKÍ.

   Frá og með keppnistímabilinu 2010-2011 skulu allir leikir í efstu deildum karla og kvenna leiknir á parketgólfi. Ný lið sem koma inn í þessar deildir frá og með 2010 fá 1 (eitt) ár í aðlögunartíma að öðrum kosti verða þau að spila heimaleiki sína annarsstaðar eða ellegar greiða 50.000 krónur í sekt fyrir hvern leik sem rennur í afreksstarf Körfuknattleikssambands Íslands. Eingöngu er heimilt að greiða sektir í eitt leiktímabil.

6. Kappleikir eru því aðeins gildir, að farið sé eftir reglum KKÍ og ÍSÍ. Körfuknattleiksráð og/eða mótanefnd getur bannað að kappleikir fari fram, ef sýnt þykir að ekki muni farið eftir gildandi reglum.

   Ef leikjum er frestað eða færðir til án samráðs við mótanefnd KKÍ þá skal hvort lið sektað um kr. 15.000,00.

   Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

7. Félög bera ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik. Félög hirða tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti og þau bera einnig allan kostnað vegna framkvæmdar hans. Lið sem leikur á útivelli í Íslandsmóti ber allan kostnað vegna ferðalaga leikmanna.

8. Allir iðkendur félaga innan KKÍ skulu vera skráðir í ~~Felix,~~ félagakerfi ÍSÍ.

   Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna ásamt starfsmönnum. Ásamt leikskýrslu skal þjálfari leggja fram útprentaðan leikmannalista úr ~~Felix~~ félagakerfi ÍSÍ þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang leikmanna. Á leikmannalistann skal þjálfari vera búinn að merkja númer leikmanns við nafn hans. ~~Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna ásamt starfsmönnum.~~

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um Íslandsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag, en miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

Í efstu deild karla~~, efstu deild~~ og kvenna, 1. deild karla, 16-, 8 og undanúrslitum bikarkeppni KKÍ og í fyrirtækjabikar KKÍ skal heimalið setja allar tölfræðiupplýsingar ~~á netið í gegnum vef KKÍ~~ með þeim hætti sem KKÍ tilgreinir. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 2 klst. eftir að leik lýkur. Í öllum öðrum leikjum en tilteknir eru hér, skulu félög skrá inn úrslit leikja á netið ~~í gegnum vef KKÍ~~ með þeim hætti sem KKÍ tilgreinir. Skulu úrslitin hafa borist KKÍ eigi síðar en 1 klst. eftir að leik lýkur. Í fjölliðamótum skulu úrslit allra leikja skráð á netið innan tveggja sólarhringa frá mótslokum af framkvæmdaraðila móts.

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 200 kr. á hverja skýrslu hvern dag. Sé tölfræðiskýrsla ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 10.000 kr. fyrir hvern leik og séu úrslit leikja ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 5.000 kr. Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti. Skili úrslit fjölliðamóta sér ekki innan tímamarka skal það varða dagsektum kr. 500 á hvern leik.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ ge~~t~~fur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

9. Hvert félag skal tilnefna dómara til KKÍ eigi síðar en 25. september.
   Fyrir hvern virkan dómara sem félögin tilnefna eru bakfærðar kr. 30.000 af þátttökugjöldum þess. Bakfærslan getur ekki orðið meiri en heildarþátttökugjöld félagsins og fer fram 20. september ár hvert.
   Upphæð á bakfærslu vegna dómara skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.
   Dómarar þessir skulu vera orðnir ~~18~~ 16 ára og hafa lokið dómaraprófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af dómaranefnd KKÍ. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ eftir þörfum dómaranefndar. Dómaranefnd KKÍ ákvarðar með nánari hætti hvað telst vera virkur dómari.

10. ~~Félag sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 50.000,00 í meistaraflokki en 20.000 í yngri flokkum sem rennur til KKÍ.~~

    Félag sem ekki mætir til leiks innan 15 mínútum frá auglýstum leiktíma skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 50.000,00 í meistaraflokki en 20.000 í yngri flokkum sem rennur til KKÍ. Það lið sem mætir ekki til leiks telst hafa tapað leiknum samkvæmt reglum FIBA hverju sinni. Skulu hinir skipuðu dómarar kveðja ritara til sem vitni og gefa skýrslu til KKÍ innan 24 stunda að leikur hafi ekki farið fram og tilgreina ástæðu.
    Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni.

    Félag sem ekki mætir til leiks í tvo leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu.

    Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf þess eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils~~ (sjá einnig 27. grein).~~ Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í neðstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili.

    Allar sektargreiðslur skulu renna til KKÍ, nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili.

    Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

~~11. Leikur vinnst án keppni, sé eitthvert lið ekki mætt 15 mínútum eftir auglýstan tíma í keppni (þ.e.a.s. þann tíma sem viðkomandi liði var tilkynnt að mæta á), nema um sé að ræða óviðráðanlegar ástæður, sem mótanefnd metur gildar. Skulu hinir skipuðu dómarar kveðja ritara sem vitni og gefa skýrslu til körfuknattleiksráðs innan 24 stunda, að leikur hafi ekki farið fram og greina ástæðu.~~

~~Lið sem ekki mætir til leiks og telst ekki hafa gildar ástæður að mati mótanefndar telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni. Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni~~

11. Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks ~~karla~~ skulu gengnir upp úr 8. flokki ~~en leikmenn meistaraflokks kvenna skulu gengnir upp úr 7. flokki.~~.

12. ~~Viðkomandi dómarafélag eða körfuknattleiksráð þar sem dómarafélag er ekki starfandi, skipar dómara. Skal það gert með nægum fyrirvara og gildir það sama um mót og einstaka leiki (heimsóknir o.s.frv.). Velja skal óhlutdræga dómara. Heimilt er hvoru félagi að hafa einn mann við ritara- og tímaborð á leikjum. Skal framkvæmdaaðili sjá þesum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins.~~

    Dómaranefnd KKÍ skipar dómara á körfuknattleiki samkvæmt reglugerð um dómaranefnd.

    ~~Dómarar skulu hafa lokið tilskyldu prófi, en veita má undanþágu, ef sérstaklega stendur á og skera viðkomandi yfirvöld úr því.~~ Dómari, sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá fríar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af ferðasjóði dómara eða heimaliði sjá ~~(26. grein)~~. Ferðist dómari á eigin bifreið, skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómeter. Gjaldið skal ákveða árlega af stjórn KKÍ. Verði dómari, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, að vera burtu frá sínu heimahéraði á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna. Ferða- og fæðiskostnaði dómara í deildarkeppni úrvalsdeildar, 1. deildar karla~~,~~ og ~~1.~~ úrvalsdeildar kvenna ~~og unglingaflokks karla~~ skal skipta jafnt á lið viðkomandi deildar.

    Ferða- og fæðiskostnaði dómara í úrslitakeppnum í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild karla og kvenna ásamt~~,~~ 1. deild karla ~~og 1. deild kvenna~~ skal skipt jafnt á þau lið sem í úrslitum eru. Fyrirkomulag á innheimtu og greiðslum skal vera hið sama og í deildarkeppninni.

    Gjald í hverri deild skal ákveðið árlega af KKÍ. Tvisvar á ári, í janúar og apríl, skal KKÍ gera félögunum grein fyrir stöðu þeirra gagnvart ferðasjóðnum.

    Heimilt er hvoru félagi að hafa einn mann við ritara- og tímaborð á leikjum. Skal framkvæmdaaðili sjá þesum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins.

13. Mótanefnd KKÍ ~~er heimilt að taka~~ tekur ákvörðun um niðurröðun leikja og frestun þeirra samkvæmt reglugerð um mótanefnd. ~~frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum. Mótanefnd er heimilt að afla þeirra gagna sem hún telur þurfa til að taka ákvarðanir um frestun leikja.~~

    Sé kappleik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem fært þykir.

    ~~Félag, sem óskar að fá keppni frestað, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara. Sækja skal skriflega á sannanlegan hátt t.d. með tölvupósti eða símbréfi.~~

    ~~Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.~~

14. ~~1.~~ KKÍ er heimilt að innheimta þátttökugjöld af félögum fyrir hvern flokk sem tekur þátt í mótum sem haldin eru á vegum þess. Stjórn KKÍ skal leggja fram til samþykktar á körfuknattleiksþingi tillögu að gjaldskrá vegna þátttökugjalda í þeim mótum, þar sem þeirra er krafist á komandi tveimur keppnistímabilum.

    ~~2.~~ Félög skulu tilkynna þátttöku í Íslandsmót og bikarkeppni meistaraflokka, unglingaflokka og drengjaflokks eigi síðar en 1. júní. Þátttöku í ~~í~~Íslandsmót og bikarkeppni yngri flokka skal tilkynna eigi síðar en ~~á tímabilinu 1.-10~~17. september ár hvert. Sæki félag um þátttöku eftir ~~10~~17. september skal það greiða tvöfalt þátttökugjald fái það þátttökurétt. Frestur til að tilkynna þátttöku í minnibolta karla og kvenna skal þó framlengdur til 30. september ár hvert.

    ~~a)~~ Hætti félag við þátttöku í meistaraflokk, unglingaflokk eða drengjaflokk eftir ~~10. september~~1. ágúst eða í yngri flokkum eftir ~~10~~17. september (30. september í minnibolta) skal allt þátttökugjald greitt.

~~b)~~ Hætti félag við þátttöku þegar innan við sjö dagar eru þar til keppni hefst (skv. mótabók KKÍ) eða ef keppni er hafin í viðkomandi flokki eða deild þá skal allt þátttökugjald greitt ásamt sektum að upphæð kr. ~~25~~50.000,00 pr. lið í meistaraflokki karla og kvenna ~~ásamt lávarðardeild~~ og kr. 10.000,00 pr. lið fyrir aðra flokka. Sektir þessar skulu renna til KKÍ nema annað sé tekið fram.

~~c)~~ Ef félög hætta þátttöku þá skulu þau tilkynna mótanefnd KKÍ það með sannanlegum hætti.

Gjalddagi þátttökugjalda ~~í Íslandsmóti~~ er 1. nóvember ár hvert~~, en 1. febrúar í bikarkeppni KKÍ~~.

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta þátttökugjöld, dómaragjöld og önnur gjöld sem á félögin kunna að verða lögð með heimaleikjagjaldi sem greiðist á heimaleikjum félaga. Heimaleikjagjald samanstendur af þátttökugjöldum, dómaragjöldum og öðrum gjöldum félaga.

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

Standi félög ekki skil á greiðslum til KKÍ á tilsettum tíma hefur stjórn KKÍ heimild til að úrskurða að leikir þeirra dæmist þeim tapaðir 20:0.

15. KKÍ hefur einkarétt á að halda kappleik undir heitinu "stjörnuleikur". Er einstökum félögum innan vébanda sambandsins óheimilt að halda kappleik þar sem heiti þetta kemur fram á einn eða annan hátt. Stefnt skal að því að halda stjörnuleik a.m.k. einu sinni á hverju keppnistímabili. Mótanefnd KKÍ hefur umsjón með stjörnuleik að höfðu samráði við stjórn KKÍ og ákveður hverju sinni hvernig lið í stjörnuleik skulu valin. Við brot á reglu þessari er stjórn KKÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 200.000,00 kr.

16. KKÍ er heimilt að semja um sjónvarpsréttindi að öllum leikjum í mótum sem haldin eru á vegum þess. Allar greiðslur vegna þessa skulu renna óskiptar til KKÍ.

*Greinargerð: við breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót var reglugerðinni skipt í þrennt, 1) almennur hluti, 2) Íslandsmót meistaraflokka, 3) Íslandsmót yngri flokka og 4) bikarkeppnir og meistarakeppnir KKÍ.*

*Skerpt var á reglum í 3. grein varðandi leiki gegn erlendum félagsliðum.*
*Í 4. grein er mótanefnd veitt heimild til að banna að mót þar sem umsóknum um að halda mót er ábótavant eða ef sýnt þykir að mót stangist á við keppnisdagatal KKÍ.*
*Í 8. grein er skerpt á því að KKÍ tilgreinir með hvaða hætti tölfræðiskil skuli fara fram.*
*Í 9. grein er skerpt á reglum sem snúa að endurgreiðslu til félaga vegna dómara.*
*Í 10. grein er skerpt á þeim reglum er gilda um það þegar félag mætir ekki til leiks og þegar leikur vinnst án keppni.*
*11. grein var var felld út og 12. verður að 11, 13. verður að 12. o.s.frv.*
*Í 11. grein var felldur út texti þar sem sagði að leikmenn meistaraflokks kvenna skuli gengnir upp úr 7. flokki.*
*Í 12. grein er vísað til reglugerðar um dómaranefnd varðandi röðun dómara á leiki.*
*13. grein var stytt og ítrekað að reglugerð um mótanefnd tiltekur allar þær ástæður og vinnureglur sem gilda um frestun leikja.*
*Í 14. grein var reglum um úrsögn úr móti skerptar enn frekar og dagsetningum breytt, skráningarfrestur í mót yngri flokka var og lengdur til 15. september. Gjalddögum var fækkað úr 2 í 1.*

*Auk fyrrgreindra breytinga voru margar litlar breytingar þar sem orðalag var lagað, gömul ákvæði sem eiga ekki lengur við fjarlægð og texti samræmdur eins og þörf var á.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**51. 46. BIKARKEPPNI KKÍ** **Þingskjal nr. 16**

Grein þessi fjallar um bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

a) ~~1. aldursflokki~~ Meistaraflokki karla og kvenna
b) Unglingaflokki karla og kvenna
c) Drengjaflokki og stúlknaflokki
d) 11. flokki karla
e) 10. flokki karla og kvenna
f) 9. flokki karla og kvenna

Framkvæmd bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KKÍ. Öllum aðildarfélögum er heimilt að senda lið til þátttöku í bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í ~~I. aldurs-flokki~~meistaraflokki, telst það lið A lið sem tekur þátt í deildakeppni. Í öllum öðrum aldursflokkum er fjöldi liða ekki takmarkaður. Leikmenn sem hafa leikið með A-liði mega ekki leika með B-liði og öfugt. Lið sem leika sem A-lið í Íslandsmóti teljast A-lið í bikarkeppni. Keppnin er með útsláttarfyrirkomulagi.Leikmanni sem skiptir um lið er heimilt að leika með nýju liði, þó er ekki heimilt að leika með tveimur félögum í sömu umferð nema um venslasamninga sé að ræða.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:
Leika skal þannig að fjöldi þátttökuliða verði sem svo fljótt sem unnt er heilt veldi af tveimur. Í bikarkeppni ~~1. aldursflokks~~ meistaraflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í ~~Úrvalsdeild~~ efstu deild og 1. deild öðlast sjálfkrafa þátttökurétt í 32 liða úrslitum ásamt þeim liðum sem þá eru eftir úr neðri deildunum.

~~Val á liðum~~ Niðurröðun á leikjum fer þannig fram að dregið er um það hvaða lið leika saman. Draga skal til skiptis þau tvö lið er leika saman, 1 og 2, 3 og 4 o.s.frv. Fær það lið, sem fyrr er dregið, heimaleik nema í 32 liða úrslitum í ~~1. aldursflokki~~ meistaraflokki karla. Þá fær það lið sem leikur í neðri deild heimaleik. Utandeildalið geta ekki fengið heimaleik í 32 liða úrslitum. Frá og með 16 liða úrslitum skal það lið sem á undan er dregið ávalt fá heimaleik. Það lið, sem sigrar kemst áfram í næstu umferð.

Mótanefnd KKÍ skal ákveða fyrirkomulag forkeppni að 32 liða úrslitum í ~~1. aldursflokki~~ meistaraflokki karla.

Í ~~1. aldursflokki~~ meistaraflokki karla og kvenna ~~skal úrslitaleikurinn~~ skulu úrslitaleikirnir fara fram í ~~íþróttahöllinni í Laugardal~~ Laugardalshöll nema þau lið, sem keppa til úrslita komi sér saman um annað í samráði við mótanefnd. Í öðrum flokkum skal mótanefnd ákveða hvar úrslitaleikirnir fara fram.

Mótanefnd skal dagsetja úrslitaleikina og hefur einnig heimild til að breyta áðurnefndum dagsetningum séu til þess gildar ástæður að mati nefndarinnar.

Leiki í bikarkeppni yngri flokka er heimilt að leika í æfingatímum félaga sé slíkt hentugt. Félag sem fær heimaleik skal finna leiktíma í samráði við mótanefnd innan tveggja virkra daga frá bikardrætti. Verði félag ekki við þessu skal mótanefnd víxla heimavöllum og fær það þá lið sem seinna var dregiðheimaleik og skal þá, eftir að mótanefnd hefur tilkynnt svo með sannanlegum hætti, finna leiktíma í samráði við mótanefnd innan tveggja virkra daga. Verði það félag sem seinna var dregið ekki við þessu er mótanefnd heimilt að finna hlutlausan völl fyrir leikinn á kostnað viðkomandi félaga auk 10.000,00 kr. sektar.

Innkoma að frádregnum kostnaði vegna húsaleigu (hámark 16%) og vegna dómara skal skiptast jafnt á milli leikaðila. Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf. Aðgöngumiðar á leiki í bikarkeppni skulu vera númeraðir.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta gjald, kr. 10.000 af þeim félögum sem komast í bikarúrslit í yngri flokkum, svokallað bikarúrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð bikarúrslitaleikjanna sem glæsilegasta.

Komi eitthvert félag fleiri liðum en þremur í bikarúrslit yngri flokka, mun KKÍ greiða bikarúrslitagjald fyrir öll lið umfram þrjú.
12. ~~Sigurvegurum í Íslandsmóti og bikarkeppni skal afhenda verðlaunapeninga skv. eftirfarandi reglum.~~

Í bikarkeppni skal afhenda þeim liðum sem leika til úrslita verðlaunapeninga, hvoru liði 18 peninga (gull og

silfur) í meistaraflokkum en 16 peninga í yngri flokkum. ~~Í Íslandsmóti skal afhenda verðlaunapeninga þeim liðum sem eru í 1. og 2. sæti, 14 peninga hvoru liði~~.

**47. MEISTARAKEPPNI KKÍ**

Á hverju hausti áður en Íslandsmót hefst skal stjórn KKÍ standa fyrir Meistarakeppni KKÍ í karla og kvennaflokki. Stjórn KKÍ skipuleggur þessa leiki í samráði við þau félög sem leika í hvert sinn. Leikið skal á heimavelli Íslandsmeistara karla.

Það lið sem verður Íslandsmeistari skal leika við það lið sem sigraði í bikarkeppni KKÍ. Ef annað liðið sigrar í báðum keppnunum þá leika Íslandsmeistararnir við liðið sem tapaði í bikarúrslitaleiknum. Sigurvegarar fá sæmdarheitið meistarar meistaranna.

Hagnaði af leikjum meistarakeppni KKÍ skal ráðstafað til góðgerðarmálefnis sem valið skal af ~~þriggja manna nefnd sem tilnefnd er af~~ stjórn KKÍ ár hvert.

Meistarakeppni KKÍ skal leika ~~innan 2 vikna~~ hið minnsta einni viku áður en fyrsta umferð ~~hefst~~ í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild karla er leikin.

Stjórn KKÍ annast framkvæmd keppninnar, þ.m.t. ~~val á leikstað,~~ útvegun keppnisbikars og verðlaunapeninga.

**48. FYRIRTÆKJABIKAR KARLA**

Fyrirtækjabikarinn er útsláttarkeppni sem leikinn er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bikarkeppni KKÍ hefst. Þátt taka þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

**Röðunin er sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| *Nr. 1* | *Íslandsmeistari* |
| *Nr. 2* | Lið sem komst í úrslit Íslandsmóts, en beið þar ósigur |
| *Nr. 3 og 4* | Liðin sem biðu ósigur í undanúrslitum Íslandsmóts<br>Það lið sem varð ofar í deildarkeppninni er nr. 3 og það sem varð neðar nr. 4 |
| *Nr. 5 – 8* | Liðin sem biðu ósigur í fjórðungsúrslitum Íslandsmóts.<br>Það lið sem varð efst þeirra í deildarkeppninni er nr. 5, það næst efsta nr. 6 osfrv. |
| *Nr. 9 – 10* | Liðin sem urðu í 9. og 10 sæti deildarkeppninnar |
| *Nr. 11* | Deildarmeistari 1. ~~D~~deildar |
| *Nr. 12* | Lið sem vann úrslitakeppni 1. deildar. |

**Fyrsta umferð:**

1) Nr. 5 - nr. 12
2) Nr. 6 - nr. 11
3) Nr. 7 - nr. 10
4) Nr. 8 - nr. 9

**Önnur umferð:**

5) Nr. 4 - sigurv. úr 1)
6) Nr. 3 - sigurv. úr 2)
7) Nr. 2 - sigurv. úr 3)
8) Nr. 1 - sigurv. úr 4)

**Í fyrstu og annarra umferð gildir sem hér segir:**

Leikið er á heimavelli þess liðs sem hefur lægra númer. Leikir nr. 1) og 2) skulu fara fram á fimmtudegi, en leikir nr. 3) og 4) á föstudegi. Önnur umferð hefst strax að lokinni þeirri fyrstu og skulu leikir nr. 5) og 6) fara fram á laugardegi, og leikir nr. 7) og 8) á sunnudegi.

**Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":**

~~Leikið er í Laugardalshöll eða á öðrum velli sem þátttökufélögin í "Hinum fjórum fræknu" koma sér saman um~~ Mótanefnd velur leikstað fyrir „Hin fjögur fræknu". Leikið skal eins snemma og unnt er frá því fyrstu og annarri umferð lauk. Undanúrslitaleikirnir fara fram á fimmtudegi og sigurvegarar þeirra leika til úrslita næsta laugardag á eftir. ~~Að jafnaði skulu leikirnir fara fram á laugardegi og sunnudegi.~~

**Undanúrslit:**

9) Sigurv. úr 8) - sigurv. úr 5)
10) Sigurv. úr 7) - sigurv. úr 6)

**Úrslit:**
11) Sigurv. úr 9) - sigurv. úr 10)

~~Um leikstað í undanúrslitum og úrslitum gildir að leikið skal í Laugardalshöll nema ef samhljóða ósk berist um annan leikstað frá öllum félögum sem keppnisrétt eiga hverju sinni.~~

**Tekjuskipting**
Um tekjuskiptingu í fyrstu og annari umferð gilda sömu reglur og í Bikarkeppni KKÍ.
Um tekjuskiptingu í "Hinum fjóru fræknu" gildir um undanúrslit og úrslit ~~að tekjum að frádregnum sameiginlegum gjöldum skal skipt milli þátttakandi liða í hvort skipti~~ að tekjur skiptast jafnt milli liði er taka þátt, að frádregnum gjöldum. Fyrst fyrir undanúrslit og síða aftur úrslit..

**Nafn á keppnina.**
KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans. Tekjum sem samningur við bakhjarl skilar skal skipt til helminga milli KKÍ og þess félags sem sigrar í keppninni hverju sinni.

~~**Fyrirtækjabikar kvenna.**~~
~~Mótanefnd skal halda fyrirtækjakeppni í mfl. kvenna fáist til þess nægilegur fjöldi liða að mati nefndarinnar.~~
~~Mótanefnd skal útfæra keppnifyrirkomulag, leikstað ofl. sem við kemur fyrirtækjabikar kvenna hverju sinni.~~

**49. FYRIRTÆKJABIKAR KVENNA**
Fyrirtækjabikarinn er útsláttarkeppni sem leikinn er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bikarkeppni KKÍ hefst. Þátt taka þau 8 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

**Röðunin er sem hér segir:**
*Nr. 1* *Íslandsmeistari*
*Nr. 2* Lið sem komst í úrslit Íslandsmóts, en beið þar ósigur
*Nr. 3 og 4* Liðin sem biðu ósigur í undanúrslitum Íslandsmóts
Það lið sem varð ofar í deildarkeppninni er nr. 3 og það sem varð neðar nr. 4
*Nr. 5 – 6* Liðin sem biðu ósigur í fjórðungsúrslitum Íslandsmóts.
Það lið sem varð efst þeirra í deildarkeppninni er nr. 5, það næst efsta nr. 6 osfrv.
*Nr. 7* Liðið sem vað í 7. sæti deildarkeppninnar
*Nr. 8* Nýliðar í efstu deild kvenna

**Fyrsta umferð:**
1) Nr. 1 - nr. 8
2) Nr. 2 - nr. 7
3) Nr. 3 - nr. 6
4) Nr. 4 - nr. 5

**Í fyrstu umferð gildir sem hér segir:**
Leikið er á heimavelli þess liðs sem hefur lægra númer. Leikir nr. 1) og 2) skulu fara fram á fimmtudegi, en leikir nr. 3) og 4) á föstudegi.

**Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":**
Mótanefnd velur leikstað fyrir „Hin fjögur fræknu". Leikið skal eins snemma og unnt er frá því fyrstu umferð lauk. Undanúrslitaleikirnir fara fram á fimmtudegi og sigurvegarar þeirra leika til úrslita næsta laugardag á eftir.

**Undanúrslit:**
5) Sigurv. úr 1) - sigurv. úr 4)
6) Sigurv. úr 2) - sigurv. úr 3)

**Úrslit:**
7) Sigurv. úr 5) - sigurv. úr 6)

**Tekjuskipting**
Um tekjuskiptingu í fyrstu og annari umferð gilda sömu reglur og í Bikarkeppni KKÍ.
Um tekjuskiptingu í "Hinum fjóru fræknu" gildir um undanúrslit og úrslit að tekjur skiptast á milli þáttakanda í hvoru liði að frádregnum sameiginlegum gjöldum, fyrst fyrir undanúrslit og síðan aftur fyrir úrslit.

**Nafn á keppnina.**
KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans. Tekjum sem samningur við bakhjarl skilar skal skipt til helminga milli KKÍ og þess félags sem sigrar í keppninni hverju sinni.

*Greinargerð: Málfar og stafsetning lagað. Bikarkeppnin var upphaflega stofnuð fyrir 1. flokk en varð svo fyrir meistaraflokk, því eðlilegt að laga það í reglugerðinni. Auk þess er ekkert sem heitir 1. flokkur í dag.*

*Þá vantaði inn í reglugerð að keppa ætti í bikarkeppni stúlknaflokks.*

*Skýrt í reglum að leikmaður má leika með tveimur félögum í bikarkeppni, þó ekki í sömu umferð.*

*Sett inn regla um hvernig skuli höndla niðurröðun leikja í bikarkeppni yngri flokka en undanfarin ár hefur gengið illa að fá félög til að staðfesta leiktíma.*

*Reglugerð um Meistarakeppn bætt hér inn og fest að leikið skal á heimavelli Íslandsmeistara karla.*

*Reglugerð um fyrirtækajbikar bætt hér inn og aðlagað að raunveruleikanum og tvítekningar teknar út.*

*Samin sér grein um fyrirtækjabikar kvenna.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

~~19. REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT OG BIKARKEPPNI KKÍ~~ **Þingskjal nr. 17**

**18. ÍSLANDSMÓT Í KÖRFUKNATTLEIK**

~~Meistaramót Íslands~~ Íslandsmót í körfuknattleik ~~innanhús~~ skal halda á tímabilinu ~~1. október~~ 15. september til 15. maí. ~~Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið~~ Mótanefnd sér um mótið. Það félag sem sigrar í deildarkeppni eða í flokkakeppni yngri flokka hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

Í Íslandsmóti meistaraflokka skal afhenda verðlaunapeninga þeim liðum sem leika til úrslita, 18 peninga hvoru liði, gull og silfur. Í þeim deildum þar sem ekki er leikið til úrslita skal veita verðlaun fyrir fyrsta og annað sæti. Í 1. deild karla fær það lið gull sem verður deildarmeistari en það lið er vinnur úrslitakeppnina og kemst einnig upp í efstu deild fær silfurverðlaun. Í yngri flokkum skal afhenda 16 peninga.

Búningar körfuknattleiksliða skulu vera samkvæmt reglum FIBA. Búningar skulu númeraðir frá 4-15. Þó mega búningar yngri flokka liða vera númeraðir frá 0-99.

Auglýsingar mega aðeins varða vörutegundir eða þjónustu, sem ekki vinna gegn hugsjónum íþróttanna. Hvatningarorð verða ekki samþykkt.

Auglýsingar má aðeins setja á keppnis- og/eða æfingapeysur, skó og töskur. Setja má auglýsingu á keppnisbuxur og sokka að fengnu leyfi frá stjórn KKÍ.

20. **19. ÚRVALSDEILD KARLA**

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní. Mótanefnd skal gefa út fyrir 1. júlí ár hvert hver leiktími leikja sé, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga.

a) Deildarkeppni
Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum sem leika tvöfalda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.
Liðið í efsta sæti að lokinni keppninni hlýtur titilinn Deildarmeistari og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

Tvö neðstu lið úrvalsdeildar að lokinn deildarkeppni falla í 1. deild og ~~leikur þar~~ leika þar á næstu leiktíð.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku liðanna í átta efstu sætum deildarinnar.

b) Úrslitakeppni
Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). ~~Allur annar útlagður kostnaður~~ Allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjórðungsúrslit:
Viðureign nr. 1: Lið nr. 1 - lið nr. 8
Viðureign nr. 2: Lið nr. 4 - lið nr. 5
Viðureign nr. 3: Lið nr. 3 - lið nr. 6
Viðureign nr. 4: Lið nr. 2 - lið nr. 7

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í tveim leikjum.

Undanúrslit:
Viðureign nr. 5 og 6
Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman.

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:
Viðureign nr. 7: Sigurvegari úr viðureign nr. 5 - sigurvegari úr viðureign nr. 6

Úrslitaviðureignin stendur yfir þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og telst það lið Íslandsmeistari í Úrvalsdeild karla í körfuknattleik og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 klst. fyrir leik.

c) Heimasíða og umgjörð
Félög skulu halda úti virkri heimasíðu, þar sem fram koma upplýsingar um félagið og starfsemi þess, þ.m.t.:

a) Upplýsingar um stjórn deildarinnar
b) Upplýsingar um leikmenn í meistaraflokki
c) Upplýsingar um æfingatíma yngri flokka og alla þjálfara deildarinnar
d) Upplýsingar um leikdaga.
e) Fréttasíða með reglulegum fréttum úr starfi félagsins

Á heimaleikjum félagsins í úrvalsdeild karla skulu eftirfarandi atriði vera framkvæmd:

a) Félög skulu hafa fána félagsins, KKÍ, stuðningsaðila deildarinnar að húni við íþróttahúsið fyrir leiki.
b) Félög skulu gefa út leikskrá fyrir hvern leik þar sem m.a. er að finna upplýsingar um leikmenn beggja liða.

d) Samvinna við fjölmiðla
Félög skulu stuðla að sem bestri fjölmiðlaumfjöllun um heimaleiki sína.

Félög skulu mæta til fréttamannafundar t.d við opnun úrvalsdeildar hvert ár, svo og við upphaf úrslitakeppni, þar sem fulltrúi stjórnar félagsins, þjálfari og a.m.k. einn leikmaður mætir. Félög skulu hlíta fyrirmælum KKÍ t.d. varðandi það að leikmaður mæti í keppnisbúningi félagsins sé þess óskað.

Félög skulu senda fréttatilkynningar til fjölmiðla um alla fréttnæma viðburði á vettvangi félagsins, þ.m.t. varðandi mikilvægar breytingar á liðsskipan, meiðsli leikmanna o.s.frv.

Félög skulu gæta þess að aðstaða fyrir íþróttafréttamenn sé fullnægjandi. Jafnframt skulu íþróttafréttamenn fá skriflegar upplýsingar um leikmenn og númer þeirra tímanlega fyrir upphaf leiks.

Ef heimaleikur félags er sýndur beint í sjónvarpi skal félag leggja áherslu á að kynna leikinn sérstaklega vel og stuðla að því að sem flestir áhorfendur mæti á slíka leiki. Jafnframt skal félagið reyna að sjá til þess, þar sem slíkt er mögulegt, að áhorfendur sitji gegnt sjónvarpsvélum.

e) KKÍ getur sett frekari reglur um umgjörð leikja.

21. **20. 1. DEILD KARLA**

1. deild karla skal skipuð 10 liðum. ~~Leika skal tvöfalda umferð heima og heiman. Tvö neðstu lið 1. deildar falla í 2. deild og leikur þar næsta keppnistímabil~~ sem leika tvöfalda umferð innbyrðis. Það er að segja, hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna.

Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Tvö neðstu lið 1. deildar falla að lokinni deildarkeppni í 2. deild og leika þar á næsta keppnistímabili.

Efsta liðið, að lokinni deildarkeppninni hlýtur ~~sæmdarheitið~~ titilinn "Deildarmeistari" og færist beint upp í úrsvalsdeild. Næstu fjögur lið, númer tvö til fimm, leika úrslitakeppni. Liðið sem endaði í öðru sæti deildarinnar leikur gegn liði númer fimm og liðið sem endaði í þriðja sæti leikur gegn liði númar fjögur.

Í úrslitakeppni skiptast liðin á að leika á heimavelli og skal ávallt byrjað á heimavelli þess liðs sem varð ofar í deildarkeppninni. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Þau leika þar til annað liðið hefur unnið tvo leiki, og hlýtur sigurvegarinn hitt lausa sætið í úrvalsdeild.

Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur og gilda í oddaleikjum úrslitakeppni úrvalsdeildar.

22. **21. ~~II~~2. DEILD KARLA**

~~II~~2. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða ~~I~~1. deild. ~~Ennfremur er öllum félögum innan KKÍ heimilt að senda B-lið í II. deild. Sjö leikjahæstu leikmönnum A-liðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði. Þegar miðað er við sjö leikjahæstu leikmenn A-liðs skal miða við spilaðar mínútur að meðaltali í leik samkvæmt tölfræði KKÍ á yfirstandandi tímabili.~~

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag í ~~II~~2. deild eftir fjölda liða hverju sinni, þó þannig að eftir að riðlakeppni ~~II~~2. deildar lýkur skal haldin úrslitakeppni fyrir A-lið. Ef leikið er í einum riðli skulu fjögur lið leika í úrslitakeppni, 1 við 4 og 2 við 3 í undanúrslitum, einn leik og mætast sigurvegararnir í úrslitaleik. Ef leikið er í tveimur riðlum skal leika 8 liða úrslit sem hér segir.

**Átta liða úrslit:**
1) A1 – B4
2) B2 – A3
3) B1 – A4
4) A2 – B3

**Undanúrslit:**
5) sigurvegari úr nr. 1) - sigurvegari úr nr. 2)
6) sigurvegari úr nr. 3) - sigurvegari úr nr. 4)

**Úrslit:**
7) sigurvegari úr nr. 5) - sigurvegari úr nr. 6)

Séu fleiri en tveir riðlar ákveður mótanefnd form úrslitakeppni.

Mótananefnd er heimilt að veita B-liðum þátttökurétt í 2. deild karla. Þau skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr býtum í deildinni en leikir þeirra skulu ekki telja þegar finna skal út hvaða A-lið skal upp um deild.

Sigurvegari úrslitakeppni A-liða flyst upp í ~~I~~1. deild ásamt því liði sem varð í 2. sæti.

~~Mótanefnd skal skipuleggja sérstaka úrslitakeppni B-liða. Það lið sem sigrar í úrslitakeppni B-liða verður Íslandsmeistari.~~

Stjórn KKÍ ákveður þátttökugjöld

22. **B-LIÐ KARLA**

Mótanefnd KKÍ skal standa fyrir sérstakri keppni B-liða karla, verði þátttaka næg. Mótanefnd KKÍ ákveður keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda félaga sem taka þátt. Fáist ekki næg þátttaka er mótanefnd heimilt að gefa B-liðum leyfi til að leika í neðstu deild karla og leika þau þar sem gestalið.

~~Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.~~

~~Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.~~

~~Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

~~Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.~~

~~Í 8. flokki kvenna skal leikið með kvennabolta nr. 6.~~

~~Ef lið notar 10 leikmenn í 8. aldursflokki í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.~~

~~Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 8. flokki kvenna, en á eigin sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn sem er. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.~~

Í 8. flokki kvenna er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

Ef lið notar 10 leikmenn í 8. aldursflokki í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

## ~~48.~~ 46. 7. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans
Leiktími: ~~Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur, og klukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur er 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði í seinni hálfleik. Hlé milli hálfleika er 1 mínúta og milli hálfleikja 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. Í 7. flokki skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.~~ 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 5 mínutur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Í fyrri hálfleik er leikklukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik og engar innáskiptingar leyfðar. Eitt leikhlé er á hvort lið er leyft í seinni hálfleik. Skotklukka skal sett af stað þegar sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

~~Skipta skal liðum í 7. flokki kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.~~

~~Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri í minnibolta kvenna frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta kvenna á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.~~

~~Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.~~

~~Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.~~

~~Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

~~Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.~~

~~Í 7. flokki kvenna skal leikið með minnibolta.~~

~~Ef lið notar 10 leikmenn í 7. aldursflokki í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.~~

~~Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 7. flokki kvenna. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.~~

Í 7. flokki kvenna er einungis heimilt að leika maður á mann vörn. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

Ef lið notar 10 leikmenn í 7. aldursflokki í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.

Leika skal á háar körfur með minnibolta.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

**49. 47. MINNIBOLTI KVENNA 11 ÁRA**
Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans
Leiktími: 4 x 10 mínútur og leikklukka ekki stöðvuð. 1 mínúta skal vera milli leikhluta og 3 mínútur í hálfleik., hálfleikur skal vera 3 mínutur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Í minnibolta karla gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:

Skipta skal liðum í minnibolta kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta kvenna frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta kvenna á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í minnibolta kvenna gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:

1. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags sem skila skal inn til KKÍ með 8 daga fyrirvara. Undanþága ekki veitt í A-riðli.

2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjárþremur loturm hið mesta.

3. Í 4. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 4. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

~~50. **MINNIBOLTI 10 ÁRA**~~
~~Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans~~
~~Leiktími: 4 x 10 mínútur.~~

~~Skipta skal liðum í minnibolta kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.~~

~~Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta 10 ára frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta 10 ára á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.~~

~~Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.~~

~~Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.~~

~~Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

~~Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.~~

~~Í minnibolta kvenna gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:~~

~~1. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKÍ minnst viku fyrir hvert fjölliðamót sem óskað er eftir undanþágu.~~

~~2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.~~

~~3. Í 4. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 4. lotu.~~

~~4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta.~~

~~5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.~~

*Greinargerð: Talsverðar breytingar eru á reglugerð um körfuknattleiksmót er varða yngri flokka og eru þær útlistaðar hér að neðan.*

*Sú grein sem merkt er sem grein 17. í þessarri tillögu var áður 29. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Nú er rætt um meistaraflokk í stað 1. flokk þegar unglingaflokk sleppir.*

*Grein 26 hefur verið endurraðað og allur almennur texti sem áður var við hvern aldursflokk hefur verið settur þarna undir. Textinn hefur einnig verið skilgreindur frekar þar sem það hefur þurft. Vormót yngri flokka hafa þá verið slegin af og lagt er til að leiknar verða fjórar umferðir í öllum riðlum í yngri flokkum í staðinn, en það ætti að koma í veg fyrir þann losarabrag sem verið hefur á vormótunum. Gefið hefur verið leyfi fyrir því að vera með 6 liða riðla í minnibolta, 7. og 8. flokki, en það er gert til að a) minnka álag á íþróttahús, þar sem riðlum kemur til með að fækka í fjölmennustu árgöngum, og b) 6 liða riðill í þessum árgöngum tekur jafn marga klukkutíma í framkvæmd og 5 liða riðill í stúlknaflokki og 11. flokki. Í stað þess að spila hverja umferð á fjórum helgum hefur verið fækkað í þrjár, en með þeim hætti ætti*

*einnig að minnka álag á þau íþróttahús sem mest eru notuð á hverju tímabili. Fyrirkomulag 2. deildar yngri flokka hefur verið skilgreint betur. Viðbótarákvæði er við skil á úrslitum fjölliðamóta, þar sem félög geta misst tækifærið á að halda 4. umferð A-riðils sinni þau ekki skyldum sínum við skil á úrslitum í hverri umferð.*

*Grein 29. var áður grein 31. en stendur óbreytt að öðru leyti.*

*Grein 30. var áður grein 32., grein 31. var áður grein 33. o.s.frv.*
*Í unglingaflokkum karla og kvenna og drengjaflokki hefur keppnisfyrirkomulag verið skýrt frekar. Í 7.-10. flokki, stúlknaflokki og 11. flokki hafa reglur um leiktíma, leikhlé, lengd hálfleiks og fleira því tengt verið skýrðar frekar. Í minnibolta 11 ára kvenna og karla var texti samræmdur. Minnibolti 10 ára var felldur út úr Íslandsmóti.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um leikmannasamninga** **Þingskjal nr. 19**

~~I.~~ 1. **Félagaskipti innanlands**
Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Verði aðilar samningsins samála um að leikmaður geti haft félagaskipti skulu félagaskiptin hlíta eftirfarandi ákvæðum.

~~1.~~ a) Félagaskiptum leikmanna, sem eru á samningi milli samningsfélaga fylgja greiðslur milli félaga. Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum.

~~2.~~ b) Grunngjaldið A er ~~50.000~~100.000,- kr. Allar greiðslur milli félaga vegna félagaskipta reiknast sem margfeldi af grunngjaldi samkvæmt eftirfarandi reglum. Félagaskiptagjald getur aldrei orðið hærra en tífalt grunngjald sbr. grein 3 og 5. Grunngjaldið skal endurskoðað ár hvert og skal taka mið af verðlagsbreytingum milli ára og gengur nýja grunngjaldið í gildi 1. júní ár hvert.

~~3.~~ c) Ef leikmaður, sem er samningsbundinn, gerir samning við nýtt félag skal hið nýja félag greiða samningsfélagi gjald fyrir. Gjaldið skal vera grunngjaldið A, sbr. grein 2, margfaldað með afreksstuðlinum B, sbr. grein 5, 6 og 7.

~~4.~~ d) Afreksstuðullinn B er í 5 þrepum. Fyrir íslenska ríkisborgara skilgreinist hann á eftirfarandi hátt:

**Stuðullinn er 10 fyrir leikmann sem er**
*29 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls,
eða a.m.k. 30 leiki í ~~Úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*25 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða a.m.k. 15 landsleiki alls.

*22 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða a.m.k. 10 landsleiki alls.

**Stuðullinn er 7 fyrir leikmann sem nær ekki 10 en er**
*30 ára og hefur leikið*
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls
eða a.m.k. 30 leiki í ~~Úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*29 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 12 landsleiki alls
eða a.m.k. 20 leiki í ~~Úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*25 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða a.m.k. 8 landsleiki alls.

*22 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða a.m.k. 4 landsleiki alls;
eða hefur leikið a.m.k. 5 unglingalandsleiki Íslands alls.

**Stuðullinn er 5 fyrir leikmann sem nær ekki 7 en er**
*31 árs og hefur leikið*
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls
eða a.m.k. 30 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*30 ára og hefur leikið*
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 12 landsleiki alls
eða a.m.k. 20 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*29 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og a.m.k. 75 leiki í úrvalsdeild,
eða a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 75 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild
eða a.m.k. 10 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*25 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 3 af landsleikjum Íslands alls;
eða a.m.k. 5 unglingalandsleiki Íslands alls og a.m.k. 40 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild.

*22 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 3 af unglingalandsleikjum Íslands alls og a.m.k. 25 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild.

**Stuðullinn er 3 fyrir leikmann sem nær ekki 5 en er**
*32 ára og hefur leikið*
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls
eða a.m.k. 30 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*31 árs og hefur leikið*
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 12 landsleiki alls
eða a.m.k. 20 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*30 ára og hefur leikið*
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og 100 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild;
eða a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 100 leiki í ~~Úrvalsdeild~~ efstu deild
eða a.m.k. 10 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*29 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 100 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild;
eða a.m.k. 50 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild, og 75 leiki í 1. eða 2. deild
eða í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild sem erlendur leikmaður.

*25 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 50 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild
eða a.m.k. 25 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild og 50 leiki í 1. eða 2. deild.

*22 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 1 af A-landsleikjum eða unglingalandsleikjum Íslands,
eða a.m.k. 25 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild, og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;
eða a.m.k. 50 leiki í ~~úrvals-~~ efstu eða ~~1. deild~~ næst efstu deild og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.

*19 ára eða yngri og hefur leikið*
a.m.k. 10 leiki í ~~úrvalsdeild~~ efstu deild og a.m.k. 10 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;

**Stuðullinn er 1 fyrir leikmann sem nær ekki 3.**

Með ~~Úrvalsdeildarleikjum~~ leikjum í efstu deild teljast leikir í ~~aðalkeppni bikarkeppninnar~~ allir leikir í Íslandsmóti og bikarkeppnum KKÍ og leikir í Evrópukeppnum félagsliða og öðrum opinberum alþjóðlegum mótum.

Stuðullinn uppreiknast eftir lok keppnistímabils og miðast aldur þá við 1. maí ár hvert. Stuðullinn telst síðan óbreyttur til loka næsta keppnistímabils.

~~1.~~ i. Gildi afreksstuðulsins B fyrir leikmann, sem er ekki íslenskur ríkisborgari skal ákvarðað af félagi og leikmanni í samráði við ~~félagaskiptanefnd~~ aga- og úrskurðarnefnd KKÍ. Meta skal körfuknattleikslega getu leikmannsins miðað við íslenska leikmenn.

~~2.~~ ii. Leikmanni, sem hefur átt við meiriháttar meiðsli eða veikindi að stríða svo að hann hefur ekki getað leikið körfuknattleik í langan tíma, og telur með hliðsjón af því að afreksstuðull sinn sé of hár og hindri fyrirhuguð félagaskipti sín, skal heimilt að áfrýja niðurstöðunni til lækkunar til ~~félagaskiptanefndar~~ aga- og úrskurðarnefndar KKÍ, sem metur hvort sanngjarnt sé að lækka stuðulinn.

~~3.~~ iii. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum innan tveggja mánaða eftir að slík krafa myndast á það. Skal miðað við dagsetningu þegar félagaskipti eru skráð hjá KKÍ. Félag, sem verður uppvíst af því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan átti að gjaldfalla.

~~II.~~ 2. **Félagaskipti leikmanna milli landa**

~~A.~~ a) **ALMENN ÁKVÆÐI**

~~1.~~ i. Ef leikmaður hyggst leika með erlendu liði og samkomulag er um félagaskiptin við félagastjórn hans, skal félagsstjórnin tilkynna stjórn KKÍ um þá ákvörðun bréflega.

~~2.~~ ii. Um hlutgengi íslenskra ríkisborgara og félagsskipti til eða~~,~~ frá ~~eða milli erlendra ríkja~~ erlendum ríkjum skal farið samkvæmt reglugerð KKÍ um félagaskipti.

~~3. Leikmanni er óheimilt að semja um félagaskipti til erlendra félaga meðan á keppnistímabili stendur frá 1. september til og með 30. apríl. Þó er félagi heimilt að samþykkja félagaskipti leikmanna 17 ára og yngri til erlendra félaga á umræddu tímabili með fullu samþykki viðkomandi félagsstjórnar.~~

~~4.~~ iii. Leikmaður, sem hyggst gerast leikmaður í körfuknattleik með erlendu félagi eða liði, skal tilkynna þá ákvörðun strax til félags síns og eru félagaskiptin háð samþykki þess. ~~Leikmanni er með öllu óheimilt að skrifa undir samning um að leika körfuknattleik með erlendu liði, fyrr en hann hefur borið samninginn undir félag sitt.~~

~~5. Leikmaður, sem gerir samning um að leika körfuknattleik erlendis, skal sjá um að í samningi séu ákvæði, sem tryggja að honum sé heimilt að gerast körfuknattleiksmaður á Íslandi, kvaðalaust, eftir að samningur hans er útrunninn, óski hann þess.~~

~~6. Skal um þessi efni gerður sérstakur samningur, "separate agreement", á til þess gerðu eyðublaði, undirritað af fulltrúa þess félags, sem leikmaður fer til og leikmanni. Skylt er leikmanni að láta þann samning fylgja sér, ef hann skiptir um félag eða lið erlendis.~~

~~7.~~ iiii. Félag leikmanns, er hyggst gerast leikmaður í körfuknattleik erlendis, getur tekið við greiðslum frá hinu erlenda félagi eða liði við félagaskipti leikmannsins.

~~8. Ef leikmaður hefur leikið með deildarliði félagsins á keppnisárinu eða því næsta á undan, en hefur félagaskipti og vill síðan ráða sig til erlends félags eða liðs, þarf að ganga frá samkomulag við stjórn félagsins.~~

~~B.~~ b) **SÉRÁKVÆÐI FYRIR LEIKMENN SEM ERU SAMNINGSBUNDNIR**

Ef leikmaður, sem er samningsbundinn við félagið, hyggst leika með erlendu liði skulu þeir samningar fara fram í samráði við það félagið. Samningaviðræður vegna félagaskipta til erlendra félaga skulu taka mið af eftirfarandi vinnureglum:

1. Leikmaður semur sjálfur um eigin launagreiðslur
2. Stjórn félagsins semur um félagaskiptagjald við erlenda félagið
3. Ef leikmaður telur að stjórn félagsins sýni óbilgirni í samningum og hindri með því möguleg félagaskipti til erlends félags getur hann ~~áfrýjað~~ vísað málinu til ~~úrskurðar félagaskiptanefndar~~ aga- og úrskurðarnefndar KKÍ.

3. **Skráning leikmannasamninga**

Skrifstofa KKÍ skal annast skráningu leikmannasamninga hjá félögum. Skal félag, eigi síðar en 1 mánuði eftir stofnun samnings, senda skrifstofu KKÍ yfirlýsingu um slíka samninga með upplýsingum um það hversu lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félaginu. Tilkynningin skal vera undirrituð af viðkomandi félagi og leikmanni, eða forsvarsmanni hans ef leikmaður er yngri en fullra 18 ára. Óskráðir leikmannasamningar eða samningar sem skráðir eru síðar en 1 mánuði eftir undirskrift, hafa ekki þýðingu við ákvörðun KKÍ eða aga og úrskurðarnefndar um félagaskipti.

*Greinargerð: Númerakerfi reglugerðarinnar var á skjön við kerfi í öðrum reglugerðum, þetta er einungis samræming.*

*Nota efstu deild í stað Úrvalsdeild, þá þarf ekki að breyta á mörgum stöðum ef men ákveða að Úrvalsdeild sé ekki lengur efsta deild.*

*Orðalag um hvaða leikir teldu hefur verið nokkuð loðið, gert aðeins skýrara.*

*Félagaskiptanefnd er ekki lengur til, hún fellur inn í Aga og úrskurðarnefnd.*

*KKÍ getur ekki skipt sér af félagaskiptum íslenskra leikmann millið erlendra liða.*

*Leikmenn mega semja við erlend félög á meðan á keppnistímabili stendur.*

*Ekki hægt að gera þá kröfu að leikmenn sýni núverandi félagi samning sem þeir ætla að skrifa undir við annað félag áður en þeir skrifa undir hann.*

*Óþarfi að taka fram í reglugerð KKÍ að leikmaður megi skipta til Íslands eftir að samningi hans erlendis lýkur.*

*Hér eru einhverjar gamlar leyfar sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.*

*Skráning leikmannasamninga sem áður var í reglugerð um félagaskipti er færð hér inn og skráningin sett í hendur skrifstofu KKÍ.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um Meistarakeppni KKÍ** **Þingskjal nr. 20**

Reglugerðin verði lögð niður.

*Greinargerð: Reglugerðin lögð í heild sinni inn í reglugerð um körfuknattleiksmót.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um veitingu heiðursmerkja** **Þingskjal nr. 21**

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands veitir þeim mönnum heiðursviðurkenningar~~,~~ sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi körfuknattleiksíþróttarinnar.

Heiðursviðurkenningar eru þessar:

~~a) Unglinglandsliðsmerkið~~
~~b) Landsliðsmerkið~~
~~c)~~ <u>1)</u> Gullúr fyrir 100 <u>A-</u>landsleiki <u>karla</u>
~~d)~~ <u>2)</u> Gullúr fyrir ~~50~~ <u>75 A-</u>landsleiki kvenna
~~e)~~ <u>3)</u> ~~Sambandsmerkið~~ <u>Silfurmerkið</u>
~~f)~~ <u>4)</u> Gullmerkið
~~g)~~ <u>5)</u> Heiðurskross úr gulli

Við veitingu heiðursviðurkenninga ber að hafa eftirfarandi í huga:

~~**Unglingalandsliðsmerkið:**~~
~~Unglingalandsliðsmerkið skal sæma þá unglinga, sem leika í íslenska unglingalandsliðinu í millirikjaleikjum.~~

~~**Landsliðsmerkið:**~~
~~Landsliðsmerkið skal sæma þá leikmenn sem leika í íslenska landsliðinu í millirikjaleikjum.~~

**Gullúr fyrir 100 <u>A-</u>landsleiki <u>karla</u>:**
Stjórn KKÍ skal veita þeim körfuknattleiksmönnum sem náð hafa að leika 100 landsleiki gullúr í viðurkenningarskyni.

**Gullúr fyrir ~~50~~ <u>75</u> <u>A-</u>landsleiki kvenna**
Stjórn KKÍ skal veita þeim körfuknattleikskonum sem náð hafa að leika ~~50~~ <u>100</u> landsleiki gullúr í viðurkenningarskyni.

**~~Sambandsmerkið:~~ <u>Silfurmerkið:</u>**
~~Sambandsmerkið~~ <u>Silfurmerkið</u> veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu körfuknattleiksíþróttarinnar í áratug eða lengur. Merkið má sæma þá menn er leika gegn íslenska landsliðinu í millirikjaleikjum og erlenda leiðtoga og fulltrúa í körfuknattleik.

**Gullmerkið:**
Gullmerkið veitist aðeins þeim mönnum sem unnið hafa körfuknattleiksíþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar Körfuknattleikssambands Íslands skulu einir hafa rétt til að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

**Heiðurskross úr gulli:**
Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KKÍ veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim mönnum sem unnið hafa körfuknattleiksíþróttinni ómetanlegt gagn um árabil. Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

*Greinargerð: Komma óþörf í fyrstu setningu.*

*Unglingamerki og landsliðsmerki hafa ekki verið veitt í ómunatíð, óþarfi að hafa þau þarna inni þá.*

*A landslið kvenna leikur fleiri leiki árlega nú en áður og því eðlilegra að þær fái gullúrið eftir fleiri leiki.*

*Sambandsmerki er alltaf kallað Silfurmerki, eðlilegt að hafa reglugerðina til samræmis við það sem menn kalla hlutinn í daglegu tali.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um venslasamninga** **Þingskjal nr. 22**

Venslasamningur milli félaga felur það í sér að tvö félög gera samning sín á milli um að félag A getur lánað félagi B að hámarki sex leikmenn. Eftir að slíkum samningi er komið á verða þessir leikmenn hlutgengir með báðum félögum og mega því taka þátt í leikjum beggja félaga á viðkomandi leiktíð í þeim aldursflokki sem getið er í samningi.

Eftirfarandi reglur gilda um Venslasamninga:

1. Hverju félagi er heimilt að gera venslasamning við eitt annað félag og skal getið í hvaða flokkum hann má leika í. ~~í meistaraflokki karla og kvenna~~.
2. Félög geta ekki gert á milli sín venslasamning í flokkum sem leika í sömu deild, hvort sem um er að ræða a, b eða c-lið.
3. Félög geta ekki gert með sér venslasamning um leikmenn sem eru meðal 7 leikjahæstu í meistaraflokki.
4. Yngri flokka leikmenn geta aðeins gert venslasamning ef móðurfélag þeirra sendir ekki lið til keppni í Íslandsmót eða bikarkeppni í sama aldursflokki.
5. Gildistími venslasamnings getur ekki verið skemmri en eitt keppnistímabil og skal samningur ekki taka gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ. Venslasamningum skal skila inn til KKÍ fyrir ~~5. febrúar~~ 15. október á hverju tímabili.
6. Leikmenn sem samningur er gerður um mega ekki vera eldri en 20 ára.
7. Einungis er heimilt að gera venslasamning um tvo leikmenn á hverju keppnistímabili í hverjum flokki. Í venslasamning verður að vera tiltekið um hvaða tvo leikmenn er að ræða.
8. Félag öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá venslafélagi.
9. Venslasamningur tekur ekki gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ.

*Greingargerð: Takmarka að einungis sé hægt að gera venslasamning um 2 leikmenn í hverjum aldursflokk en alls 6 leikmenn.*

*Með því að taka út að þetta gildi einungis í meistaraflokki er búið að opna á að félög sem ná ekki að manna einstaka yngri flokka geta gert venslasamning um 2 leikmenn við annað félag sem jafnvel vantar leikmenn til að stækka hópinn í viðkomandi flokki.*

*Einungis tvö félög geta gert með sér samkomulag og gildir það um alla flokka.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Reglugerð um aðgönguskírteini** **Þingskjal nr. 23**

1. Gerðir skírteina
   Körfuknattleikssamband Íslands gefur út aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að körfuknattleiksleikjum. KKÍ skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.
   a) Aðgönguskírteini A, sem gildir fyrir tvo á alla leiki.
   b) Aðgönguskírteini B, sem gildir fyrir einn á alla leiki.
   c) Aðgönguskírteini D, dómaraskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
   d) Aðgönguskírteini F, fjölmiðlaskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.

2. Rétthafar skírteina
   a) Aðgönguskírteini A skal gefið út til tveggja ára til stjórnar KKÍ, fastanefnda KKÍ, áfrýjunardómstóls KKÍ, starfsmanna KKÍ, forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ, heiðurskrosshafa KKÍ, fyrrverandi formanna KKÍ og þeirra er náð hafa 100 landsleikjum fyrir KKÍ.
   b) Aðgönguskírteini B skal gefið út til þjálfara í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla, formanna og stjórnarmanna félaga í þessum deildum skv. ákvörðun formannafundar. Stjórn KKÍ er heimilt að deila út skírteinum til styrktaraðila sambandsins. Þá skulu gullmerkjahafa KKÍ fá slíkt skírteini.
   c) Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara og eftirlitsdómara skv. ákvörðun dómaranefndar.
   d) Aðgönguskírteini F skal gefið út til þeirra fjölmiðlamanna sem fjalla um íþróttir.

3. Notkun skírteina
   Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir rétthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á hvern einstakling. Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

   Þegar um bikarúrslit og landsleiki er að ræða getur KKÍ krafist þess að rétthafar skírteina sæki aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst á heimasíðu KKÍ sem og í tölvupósti til félaga KKÍ.

4. Útgáfa
   Skrifstofa KKÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KKÍ. Félög skulu senda skrifstofu KKÍ nafnalista fyrir 15. september ár hvert.

*Greinargerð: Engar reglur hafa verið um útdeilingu aðgönguskírteina innan hreyfingarinnar heldur hefur einungis verið samkomulag milli manna. Verið er að koma þessum málum upp á borðið og hafa það skýrt hverjir fá aðgönguskírteini, hvernig með þau skuli fara og hvernig þau skuli gilda.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Reglugerð um aga- og úrskurðarmál** **Þingskjal nr. 24**

**ALMENN ÁKVÆÐI**
1.*Gildissvið*
Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands. Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KKÍ nema mál séu sérstaklega falið öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KKÍ.

2. *Markmið*
Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um aga- og úrskurðarmál KKÍ. Markmið hennar er einnig að sameina öll þau mál er upp koma innan KKÍ er varða agamál, sem aganefnd KKÍ fjallaði um áður, sem félagaskiptanefnd KKÍ fjallaði um og kærur sem dómstóll KKÍ fjallaði um sem fyrsta dómstig, undir einn og sama úrskurðaraðilann, aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.

3. *Lögsaga og hlutverk*
Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KKÍ. Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KKÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ úrskurðar í öllum agamálum KKÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum, sem upp koma innan körfuknattleikshreyfingarinnar. Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur nokkuð eftir þessari skiptingu.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KKÍ, reglugerð þessarri og öðrum reglugerðum KKÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Körfuknattleikssambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og öðrum reglum.

Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Körfuknattleikssambands Íslands, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 104 Reykjavík og skal KKÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4. *Skipan og hæfi*
Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þrem mönnum. Skulu þeir kosnir á Körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður. Formaður ákveður nánar verklag.

Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef:
a) Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.
b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í lið d.
f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

Stjórn KKÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

**MÁLSMEÐFERÐARREGLUR**
5. *Almennar málsmeðferðarreglur*
Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt eftir því hvort um agamál er að ræða eða kærumál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KKÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd skal halda fund á þriðjudögum og skulu öll mál sem borist hafa til skrifstofu KKÍ með sannarlegum hætti fyrir 13:00 mánudaginn á undan tekin fyrir. Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi til

úrslausnar einstakra mála. Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati dómsformanns, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara. Í úrslitakeppni allra flokka skal nefndin kvödd saman um leið og kæra berst skrifstofu KKÍ. Formaður nefndarinnar ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum til gagnaöflunar og skýrslugjafar í þeim málum, en málshraði skal vera eins mikill og kostur er.

Í agamálum er nefndinni heimilt er með samþykki allra nefndarmanna að halda fundi nefndarinnar með aðstoð síma eða annarra fjarskiptatækja, enda leiki ekki vafi á afstöðu hins fjarstadda nefndarmanns.

Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Körfuknattleikssambandi Íslands eða öðrum þeim er málið getur varðað.

Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra KKÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

6. *Agamál*
Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í leikjum í mótum á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, fyrirtækjabikar, meistarakeppni og landsleikir) enda fjalli hvorki FIBA World né FIBA Europe um málið. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KKÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Aga og úrskurðarnefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, s.s. varðandi brottvísun eða tæknivillu.

Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísum hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir innan eins sólarhrings.

Aga og úrskurðarnefnd er heimilt að taka til meðferðar kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

7. *Kærumál*
Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.
b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.
c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.
d) Skýr kröfugerð.
e) Lýsing helstu málavaxta.
f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
g) Lýsing á helstu röksemdum.
h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.
i) Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KKÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KKÍ til efnislegrar meðferðar.

Fyrir kæru forsvarsmanns félags á hendur leikmanni, dómara eða félagi, skal kærandi leggja fram kr. 15.000 tryggingu til KKÍ, sem endurgreiðist ef kærði fær áminningu, er dæmdur í bann eða sekt. Fyrir kæru frá dómara eða stjórn KKÍ skal trygging ekki lögð fram. Heimilt er að dæma kærðum ómaksþóknun úr hendi kæranda enda sé kæran tilhæfulaus

Nefndin skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 7, eftir því sem við getur átt.

Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.

Telji dómsformaður augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum KKÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

8. *Frestir*
Kærur vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KKÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærunni frá.

Ef skýrsla dómara berst ekki til aga- og úrskurðarnefndar innan 2 sólarhringa eða hún verið póstlögð næsta virka dag eftir að leikurinn fór fram, er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bætta kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.

**ÚRSKURÐIR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR**
9. *Uppkvaðning úrskurða og gildistaka*
Úrskurði nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.

Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka hins vegar gildi kl. 12 á hádegi næsta fimmtudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi.

Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KKÍ, þá skal aga- og úrskurðarnefndin halda aukafund sbr. gr. 5 í reglugerð KKÍ um aga og úrskurðarmál, og leiðrétta úrskurð eða kveða upp nýjan. Sá úrskurður skal taka gildi á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

10. *Efni úrskurða*
Úrskurðir aga- og úrskurðarðanefndar í kærumálum og eftir því sem við á í agamálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:
a) Hverjir séu aðilar máls.
b) Kröfugerð og málavaxtalýsing.
c) Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
d) Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
e) Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
f) Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.

11. *Birting úrskurða*
Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KKÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvpósts eða símbréfs hvílir alfarið á móttakanda.

Úrskurður nefndarinnar skal einnig birtur á heimasíðu KKÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

**VIÐURLÖG OG REFSINGAR**
12. *Viðurlög í kærumálum*
Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á
um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:
a) Úrskurðað leik ógildann, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.
b) Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan körfuknattleikshreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða kepnnisréttar).

c) Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan körfuknattleikshreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
d) Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málsgrundvöllinn tilefnislausan.

Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:
a) Áminning
b) Ávítur
c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum KKÍ, sem renna til KKÍ.
d) Ákveðið sektir á aðildarfélög KKÍ.
e) Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir KKÍ tiltaka og heimila.

13. *Viðurlög við agabrotum*
Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
a) Ef dómari vísar aðila (leikmanni, þjálfara eða liðsstjóra) af leikvelli eða keppnisstað, skal viðkomandi að jafnaði úrskurðaður í eins leiks bann. Við aðra brottvísun á keppnistímabilinu skal viðkomandi að jafnaði úrskurðaður í tveggja leikja bann, og fyrir þriðju og síðari brottvísanir á keppnistímabilinu skal viðkomandi aðili úrskurðaður í leikbann eftir mati aga og úrskurðarnefndar.
b) Hafi aðila verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik, ofsalega framkomu eða líkamsmeiðingar, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að úrskurða viðkomandi í allt að 12 leikja eða 3 mánaða leikbann. Fyrir ítrekuð brot á keppnistímabili skal refsing vera minnst 6 leikja bann.
c) Sé leikmanni vísað af leikvelli vegna tveggja óíþróttamannslegra villna, tveggja tæknivillna eða hafi honum verið vísað af velli fyrir að hafa yfirgefið svæði varamanna við slagsmál, eða aðstæður sem leitt gætu til slagsmála, sem hann að öðru leiti tók ekki þátt í, skal viðkomandi ekki úrskurðaður í leikbann ef um er að ræða fyrstu brottvísun leikmannsins á tímabilinu.
d) Ef aðili (leikmaður, þjálfari eða liðsstjóri) gerist sekur um viljandi líkamsmeiðingar eða aðra hættulega framkomu gagnvart dómurum eða starfsmönnum leiks, skal aga og úrskurðarnefnd dæma viðkomandi aðila í að minnsta kosti þriggja leikja bann. Auk þess hefur aga og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða aðila í tímabundið leikbann í öllum flokkum.
e) Brot í hverjum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal aga og úrskurðarnefnd heimilt að úrskurða aðila í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.
f) Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum leiks, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að svipta viðkomandi heimalið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til KKÍ að mati aga og úrskurðarnefndar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting leikja verði úrskurðuð, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggara öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aga og úrskurðarnefndar, skal svipta viðkomandi lið a.m.k. tveimur heimaleikjum. Aga og úrskurðarnefnd skal meta heimaliði til málsbóta ef sannað þykir að áhorfendur útiliðs áttu upptök að, eða stærstan þátt í, hinni kærðu framkomu. Aga og úrskurðarnefnd skal meta heimaliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg.
g) Gerist dómari sekur um óprúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra eða starfsmanni leiks eða öðrum viðstöddum er aga og úrskurðarnefnd heimilt að veita viðkomandi dómara áminningu, eða úrskurða hann til greiðslu sektar ef brot er ítrekað eða alvarlegt. Allur vafi skal metinn kærða í hag.
h) Sé aðili kærður til aganefdar sem ekki hefur verið vísað af leikvelli eða leikstað hefur aga og úrskurðarnefnd heimild til að beita viðurlögum samkvæmt a og b lið.

Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, fyrirtækjabikar og meistarakeppni KKÍ nema annað sé tekið fram.

Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega.

Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó fyrri málsgrein.

Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með tuttugu mínútum fyrir leik og þar til leik lýkur. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, er úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.

Frestist leikur, sem afllána skal refsingu í, skal afplánun frestast uns leikurinn fer fram. Breytingar á leikjaplani hafa ekki áhrif á tímabundið leikbann.

Úrskurðir um sektir á hendur dómurum taka þegar gildi, og er KKÍ heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómara uns sektin er greidd.

Til viðbótar fyrrnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:

i) Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 50.000 í meistaraflokki og kr. 20.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óprúðmannlegri framkomu.
j) Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekta um allt að kr. 100.000.
k) Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 50.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.
l) Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KKÍ sbr. 18. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins þ.á.m. áminningu, ávítur, sektir að fjárhæð kr. 50.000 og leikbann.
m) Aðrar refsingar sem lög og reglugerðir KKÍ tiltaka og heimila.

**V. kafli. ÁFRÝJUN**

14. *Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KKÍ*

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KKÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum.

Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:

a) Úrskurði nefndarinnar um fjögurra leikja bann eða þyngri refsingu.
b) Úrskurði nefndarinnar um eins mánaðar bann eða þyngri refsingu.
c) Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 25.000,-.
d) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli k lið 13. greinar.
e) Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli l lið 13. greinar.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KKÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól KKÍ fer að öðru leyti eftir lögum KKÍ og reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól KKÍ.

15. *Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ*

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. nánar reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól KKÍ.

16. *Endanleg niðurstaða*

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af aga- og úrskurðarnefnd KKÍ, ekki til almennra dómstóla.

**VI. kafli. ÝMIS ÁKVÆÐI**

17. *Fundargerðabók/úrskurðabók*

Í fundargerðabók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðabók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, en skal að jafnaði ekki birt almenningi.

Nefndin skal einnig halda sérstaka úrskurðarbók, sem hefur að geyma úrskurði hennar. Úrskurðarbók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KKÍ.

18. *Ósæmileg framkoma*
Framkvæmdastjóra KKÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd körfuknattleiks eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.

Framkvæmdastjóri KKÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál eins og um kærumál sé að ræða, eins og við getur átt.

19. *Lyfjaeftirlit*
Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

20. *Niðurfelling refsingar*
Körfuknattleiksþing er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita úrskurðuðum aðila full réttindi að nýju innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

21. *Önnur ákvæði*
Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KKÍ.

22. Gildistaka
Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KKÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar falla úr gildi starfsreglur aganefndar KKÍ og lög um dómstóla KKÍ.

*Greinargerð: Reglugerð þessi er sett til að skilgreina störf aga og úrskurðarnefndar.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Reglugerð um áfrýjunardómstól KKÍ** **Þingskjal nr. 25**

**Almenn ákvæði**

1. *Gildissvið:*
   Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands. Hún gildir um öll áfrýjunarmál innan vébanda KKÍ.

2. *Markmið:*
   Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um áfrýjunardómstól KKÍ með hliðsjón af lögum KKÍ samþykktum á körfuknattleiksþingi 2009, sem fela í sér breytingar á dómstólaskipan KKÍ.

3. *Lögsaga og hlutverk:*
   Áfrýjunardómstóll KKÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málum, sem heimilt er að áfrýja og koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Skal áfrýjunardómstóll KKÍ byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KKÍ.

   Áfrýjunardómstóllinn tekur mál til endurskoðunar eftir áfrýjun þess og getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KKÍ, reglugerð þessarri og öðrum reglugerðum KKÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Körfuknattleikssambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og öðrum reglum.

   Áfrýjunardómstóll KKÍ er æðsti dómstóll innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

   Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Körfuknattleikssambands Íslands, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 104 Reykjavík og skal KKÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4. *Skipan og hæfi:*
   Áfrýjunardómstóll KKÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.

   Dómarar skulu kosnir á reglulegu körfuknattleiksþingi til setu fram að næsta reglulega körfuknattleiksþingi og dómstóllinn kýs sér forseta.

   Dómstóllinn starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrír dómarar fara með mál og ákveður dómsformaður hverjir af hinum reglulegu dómurum fara með málið.

   Dómari er vanhæfur að fara með mál ef:
   a) Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.
   b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
   c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
   d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
   e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í lið d.
   f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
   g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum

   Stjórn KKÍ skal skipa dómara í áfrýjunardómstólinn til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

**Almenn ákvæði**

5. *Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KKÍ:*
   Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KKÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum.

   Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í agamálum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:
   a) Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um fjögurra leikja leikbann eða þyngri refsingu.
   b) Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 25.000.
   c) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13.9.3 í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál.
   d) Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli greinar 13.9.4. í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál.

   Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KKÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

6. *Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ:*
   Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Áfrýjun tekur þá aðeins til þeirra atriða máls er hafa slíkt almennt gildi og tilgreind eru í áfrýjunarskjali. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kæruatriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstóll ÍSÍ hafnar kæruatriðum áfrýjanda er málinu þar með endanlega lokið.

7. *Endanleg niðurstaða:*
   Dómur áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim dómi ekki skotið til annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar, sbr. þó grein 6. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi sem dæmt hefur verið um af áfrýjunardómstól KKÍ ekki til almennra dómstóla.

**Málsmeðferðarreglur**

8. *Almennar málsmeðferðarreglur:*
   Sá aðili sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstóli KKÍ sérstakt áfrýjunarskjal þar sem um er að ræða greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

   Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólnum. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram. Dómstólnum er þó heimilt að víkja frá þessum ákvæðum þegar sérstaklega stendur á.

   Málsmeðferðarreglur sem fram koma í kafla um málsmeðferðarreglur í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál skulu gilda um áfrýjunardómstól KKÍ eftir því sem við á.

**Dómar áfrýjunardómstóls KKÍ**

9. *Uppkvaðning dóma og gildistaka:*
   Dómur dómstólsins skal kveðinn upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til dóms og leitast skal við að kveða upp dóm innan viku frá dómtöku málsins.

10. *Efni dóma:*
    Dómar skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:

    a) Hverjir séu aðilar máls.
    b) Kröfugerð og málavaxtalýsing.
    c) Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
    d) Rökstuðningur og niðurstaða dómstólsins.
    e) Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða

    Dómur skal undirritaður af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef dómarar er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.

11. *Birting dóma:*
Dómstóllinn sendir málsaðilum staðfest endurrit dóms jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp með tölvupósti eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar, þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KKÍ um eða áfrýjanda sem getið er í áfrýjunarskjali og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvpósts eða símbréfs hvílir alfarið á móttakanda.

Dómur skal einnig birtur á heimasíðu KKÍ eftir að hann hefur verið birtur aðilum málsins.

**Ýmis ákvæði**

12. *Þingbækur/dómabækur:*
Við áfrýjunardómstólinn skulu haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi

Dómstóllinn skal einnig halda sérstaka dómabók, sem hefur að geyma dóma hans og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KKÍ.

13. *Niðurfelling refsingar:*
Körfuknattleiksþingi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

14. *Gildistaka:*
Reglugerð þessi tekur þegar gildi og falla þá úr gildi lög um dómstóla KKÍ.

*Greinargerð: Reglugerð þessi er sett til að skilgreina störf Áfrýjunardómstóls KKÍ.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Reglugerð um menntun körfuknattleiksþjálfara** **Þingskjal nr. 26**

1. Almenn ákvæði
Allir þjálfarar skulu hafa fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna. Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem kennir körfubolta og skipuleggur og stjórnar körfuboltaæfingum og körfuboltaleikjum.

Félög sem uppfylla ekki þær kröfur um menntun sem settar eru fram í reglugerð þessari greiða 10% hærri þátttökugjöld fyrir þá aldursflokka sem við á. KKÍ gjaldfærir þessa viðbót á þátttökugjöldum 1. maí ár hvert. Félög sleppa þá einungis við að greiða 10% álag á þátttökugjöld hafi það uppfyllt neðangreindar kröfur allt keppnistímabilið á undan. Félag sem verður uppvíst að því að svindla, hafa rangt við eða veita vísvitandi rangar upplýsingar hefur fyrirgert möguleikum sínum á því að sleppa við 10% álag og greiðir auk þess 50.000 kr. sekt til KKÍ fyrir hvern aldursflokk sem við á.

2. Menntunarkröfur
Gera skal kröfur til þjálfara um menntun samkvæmt eftirfarandi:

| **Þjálfun** | **Námskeið skv. kennsluskrá KKÍ** |
|---|---|
| Efsta deild karla og kvenna og 1. deild karla<br>Yfirþjálfari unglingastarfs<br>Landsliðsþjálfarar | Þjálfari 3 KKÍ<br>Þjálfari 3 ÍSÍ |
| Þjálfari unglingaflokks karla, unglingaflokks kvenna, drengjaflokks, stúlknaflokks, 11. flokks karla, | Þjálfari 3 KKÍ<br>Þjálfari 2 ÍSÍ |
| Þjálfari annarra meistaraflokka, aðstoðarþjálfari meistaraflokks í efstu deild karla, aðstoðarþjálfari í efstu deild kvenna, aðstoðarþjálfari í 1. deild karla<br>Þjálfun í úrvalsbúðum KKÍ | Þjálfari 2 KKÍ<br>Þjálfari 2 ÍSÍ |
| Þjálfari 8.-10. flokks karla og kvenna<br>Aðstoðarþjálfari annarra meistaraflokka, unglingaflokks karla, unglingaflokks kvenna, drengjaflokks, stúlknaflokks eða 11. flokks karla | Þjálfari 2 KKÍ<br>Þjálfari 1 ÍSÍ |
| 7. flokkur og yngri<br>Aðstoðarþjálfari 8.-10. flokks | KKÍ 1<br>ÍSÍ 1 |

* Til að sækja um viðurkenningu um hæfni frá fræðslunefnd KKÍ þarf þjálfarinn að hafa minnst 2 ára starfsreynslu að baki sem yfirmaður unglingastarfs hjá félagi í efstu deild hjá aðildarsambandi FIBA.

3. Endurmenntun
Þjálfari sem lokið hefur þjálfari 3 þjálfaragráðu frá KKÍ og ÍSÍ þarf að sækja sér endurmenntun, lágmark 15 tíma á 3 ára fresti til að viðhalda réttindunum sínum og skila inn staðfestingu því til sönnunar til fræðslunefndar KKÍ, auk þess að sækja fund dómaranefndar með þjálfurum á hverju hausti. Fræðslunefnd KKÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

4. Mat réttinda
   Fræðslunefnd KKÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi útlendingar hafa til þjálfunar á Íslandi.

   Fræðslunefnd KKÍ getur veitt allt að KKÍ 2a þjálfararéttindi þeim sem hafa langan körfuknattleiksferil að baki.

5. Undanþágur
   Fræðslunefnd KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Slíkar undanþágur skal þó alltaf bera undir stjórn KKÍ til samþykktar.

6. Gildistaka
   Reglugerð þessi tekur gildi 1. júní 2011.

*Greinargerð: Fræðslunefnd KKÍ hefur lagt fram fræðsluáætlun fram til 2013 og er reglugerð þessari ætlað að fylgja því eftir og styðja við áætlunina. Einnig stuðlar þessi reglugerð að aukinni menntun og fræðslu innan hreyfingarinnar og þar með aukinni fagmennsku í þjálfun á öllum stigum íslensks körfuknattleiks.*

Stjórn og Laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**22. grein II.deild Karla. Bæta inn í 22. greinina.** **Þingskjal nr. 27**

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild. Ennfremur er öllum félögum innan KKÍ heimilt að senda B-lið í II. deild. Sjö leikjahæstu leikmönnum A-liðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði. Þegar miðað er við sjö leikjahæstu leikmenn A-liðs skal miða við spilaðar mínútur að meðaltali í leik samkvæmt tölfræði KKÍ á yfirstandandi tímabili.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag í II. deild eftir fjölda liða hverju sinni, þó þannig að eftir að riðlakeppni II. deildar lýkur skal haldin úrslitakeppni fyrir A-lið. Sigurvegari úrslitakeppni A-liða flyst upp í I. deild ásamt því liði sem varð í 2. sæti.

**Að félög geti stofnað v-lið (varalið) sem geti unnið sig upp úr 2.deild. En spili samt alltaf í deild fyrir neðan a-liðið. Leikmenn v-liða geta ekki spilað með b-liðum og öfugt. 7 leikjahæstu leikmenn a-liðs hverju sinni er ekki heimild þáttaka með v-liði. Aðrar reglur kkí gilda um v-liðin.**

Mótanefnd skal skipuleggja sérstaka úrslitakeppni B-liða. Það lið sem sigrar í úrslitakeppni B-liða verður Íslandsmeistari.

**Bæta inní:**

**Að félög geti stofnað v-lið (varalið) sem geti unnið sig upp úr 2.deild. En spili samt alltaf í deild fyrir neðan a-liðið. Leikmenn v-liða geta ekki spilað með b-liðum og öfugt. 7 leikjahæstu leikmenn a-liðs hverju sinni er ekki heimild þáttaka með v-liði. Aðrar reglur kkí gilda um v-liðin.**

Greinagerð:
*Við teljum að með þessu getum við aukið gæðin í deildunum og einnig að brottfall úr boltanum verði minna.*

Körfuknattleiksdeild Fjölnis

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breytingar tillaga á 40. grein. mb. 10 ára** **Þingskjal nr. 28**

40.grein. minnibolti 10 ára.

Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans
Leiktími: 4 x 10 mínútur.

Skipta skal liðum í minnibolta karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta 10 ára frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta 10 ára á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í minnibolta karla gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:

1. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKÍ minnst viku fyrir hvert fjölliðamót sem óskað er eftir undanþágu.

2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.

3. Í 4. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 4. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta.

5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

**40.grein**

**Stjórn KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 10 ára. Skal mótanefnd KKÍ samræma mótahald í minnibolta10 ára og yngri. Unglinganefnd KKÍ skal gefa út leiðbeinandi reglur um mótahald í minnibolta 10 ára.**

*Greinagerð:*
*Við teljum að krakkar á þessum aldri séu of ung til þess að hefja keppni á íslandsmóti. Dagskráin fyrir þessa krakka yfir veturinn er nægur fyrir þar sem í boði eru a.m.k 5 önnur mót sem íþróttafélög á landinu hafa sett upp.*

Körfuknattleiksdeild Fjölnis

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breytingartillaga á 28 og 51 grein** **Þingskjal nr. 29**

**28. grein um íslandsmót yngriflokka.**

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta gjald, kr. 10.000 af þeim félögum sem komast í undanúrslit/úrslit í yngri flokkum, (9.fl.-ul.fl.) svokallað úrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð úrslitaleikjanna sem glæsilegasta.

Breytingartillaga:

28.grein
Stjórn KKÍ er heimilt hækka þátttökugjöld á félög sem taka þátt í Íslandsmóti, til þess að standa undir kostnaði á Íslandsmótinu og í úrslitakeppni Íslandsmóts.

**51. grein um bikarkeppni KKÍ.**

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta gjald, kr. 10.000 af þeim félögum sem komast í bikarúrslit í yngri flokkum, svokallað bikarúrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð bikarúrslitaleikjanna sem glæsilegasta.

Breytingartillaga:

51.grein
Stjórn KKÍ er heimilt hækka þátttökugjöld á félög sem taka þátt í bikarkeppni, til þess að standa undir kostnaði í bikar- og úrslitakeppni.

Greinagerð:
Gjald sem lagt er á félag vegna þátttöku í Íslandsmóti og í bikarkeppnum á að vera eitt og ekki á að bætast við aukakostnaður á félag fyrir að ná árangri.

Körfuknattleiksdeild Fjölnis

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Lög og reglur fyrir körfuknattleik** **Þingskjal nr. 30**

Tillaga að reglugerð 2009

***Sameiginleg lið***

1. Heimilt er tveimur félögum að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi í sama aldursflokki.

2. Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulag og senda stjórn KKÍ til staðfestingar fyrir 1. ágúst, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.

3. Ákveði tvö félög að senda sameiginlegt lið til þátttöku í landsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.

4. Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í landsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til stjórnar KKÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.

5. Sameiginlega liðið er ekki nýtt félag heldur samkomulag tveggja félagsliða um nýtt keppnislið í fyrirfram ákveðnum aldursflokkum. Leikmennirnir eru skráðir í sín félög og geta keppt í öðrum aldursflokkum síns félags.

*Greinagerð: Tillagan er unnin með hliðsjón af reglugerð KSÍ 14. grein Sameiginleg lið. Flutningsmaður telur að sameiginleg lið gefi minni félögum kost á að hafa lið í landsmótum, Íslands- og bikarmótum, KKÍ. Einnig mun körfuknattleikur verða útbreiddari á landsvísu en nú er. Þá verða til fleiri betri leikmenn á landsvísu því leikmenn á landsbyggðinni sem ekki hafa haft aðstæður til að iðka körfuknattleik vegna fámennis eiga möguleika til að sameinast öðru liði í ákveðnum flokkum.*

*Varðandi hlutgengi leikmanna eru engar sérstakar takmarkanir sem gilda um sameiginlegt lið. Þetta sameiginlega keppnislið viðkomandi félaga takmarkar á engan hátt leikmenn viðkomandi liðs að leika með öðrum liðum félagsins sem viðkomandi leikmaður er skráður í.*

*Dæmi:*
*Leikmaður skráður í Hamar. Hann er 15 ára og er í 10. flokki.*

*Ef Hamar væri með lið í 10. flokki og meistaraflokki en Hamar og Þór væru með sameiginlegt lið (Hamar/Þór) í 11. flokki þá væri ekkert því til fyrirstöðu að hann léki með öllum þessum liðum.*

*Viðkomandi leikmaður væri aldrei skráður í lið Hamars/Þórs heldur í sitt félag og hefur leikheimild með því félagi og þeim liðum sem það er aðili að.*

Þór Þorlákshöfn
Jóhanna M. Hjartardóttir

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð fyrir körfuknattleiksmót** **Þingskjal nr. 31**

**44. grein STÚLKNAFLOKKUR**
Aldur: 16 og 17 ára
Leiktími: ~~4 x 10 mínútur~~ 4 X 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 X 10 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta og 5 mínútur í hálfleik.

Skipta skal liðum í stúlknaflokki upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 10. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni 10. flokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í stúlknaflokki skal leikið með kvennabolta nr. 6.

Heimilt er að leika hvaða vörn sem er í stúlknaflokki

*Greinagerð: Við teljum það vera of mikið álag á leikmenn að leika fjóra 40 mínútu leiki á tveimur dögum því leggjum við til að leiknir verði 8 mínútu leikhlutar en ekki 10 mínútu eins og gert er í dag. Þeir þjálfarar sem ég hef rætt við um þessa tillögu hafa allir verið henni sammála. Með þessu móti má minkka álag á þessa leikmenn sem margir hverjir eru að spila með fleiri flokkum. Það er mjög mikilvægt að halda þessum flokkum báðum í keppni því að við teljum að brottfall myndi stór aukast ef við gerum það ekki.*

Körfuknattleiksdeild U.M.F.N.

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót, Meistarakeppni KKÍ og fyrirtækjabikar** **Þingskjal nr. 32**

**20. grein ÚRVALSDEILD**

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní.

<u>Ávallt skulu vera a.m.k. fjórir leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt á vellinum í einu.</u>

**23. grein ÚRVALSDEILD KVENNA**

...

Í undanúrslitum og úrslitum skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni

<u>Ávallt skulu vera a.m.k. fjórir leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt á vellinum í einu.</u>

**51. grein BIKARKEPPNI KKÍ**

...

Mótanefnd skal dagsetja úrslitaleikina og hefur einnig heimild til að breyta áðurnefndum dagsetningum séu til gildar ástæður að mati nefndarinnar.

<u>Ávallt skulu vera a.m.k. fjórir leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt á vellinum í einu í keppni meistaraflokka.</u>

**Reglugerð um fyrirtækjabikar**
Fyrirtækjabikarinn er útsláttarkeppni sem leikinn er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bikarkeppni KKÍ hefst. Þátt taka þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

<u>Ávallt skulu vera a.m.k. fjórir leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt á vellinum í einu.</u>

**Reglugerð um Meistarakeppni KKÍ**
<u>6. Ávallt skulu vera a.m.k. fjórir leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt á vellinum í einu.</u>

*Greinargerð: Ætlunin með þessari breytingu er að fækka erlendum leikmönnum í deildinni án þess að loka alveg á þá.*

Körfuknattleiksdeild Keflavíkur
Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Reglugerð um fræðslunefnd** **Þingskjal nr. 33**

1. Stjórn KKÍ skipar 3 fulltrúa í fræðslunefnd og einn þeirra sem formann.
2. Fræðslunefnd sinnir málum sem snúa að fræðslumálum, m.a. þjálfaramenntun og dómaramenntun í samvinnu við dómaranefnd.
3. Fræðslunefnd ber ábyrgð á því að setja fram fræðsluáætlun KKÍ og sinnir fræðslu skv. henni.
4. Fræðslunefnd skal í samvinnu við dómaranefnd skipuleggja og sjá um hið minnsta tvö dómaranámskeið fyrir nýliða á hverju ári (ef þátttaka fæst), þar af annað snemma hausts.
5. Fræðslunefnd sér um mat á þjálfurum skv. gildandi fræðsluáætlun hverju sinni og ber að halda skrá yfir hæfni þjálfara hverju sinni.

*Greinargerð: Fræðslunefnd verður ein af fastanefndum KKÍ skv. breytingartillögu á lögum sambandsins og því nauðsynlegt að skilgreina verkefni fræðslunefndar í reglugerð.*

Stjórn og laganefnd KKÍ

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót** **Þingskjal nr. 34**

**34. grein 11. FLOKKUR KARLA**
Aldur: 16 ára.
Leiktími: ~~4 x 10 mínútur~~ 4 X 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 X 10 mínútur,1 mínúta milli leikhluta og 5 mínútna leikhlé í hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik.

Skipta skal liðum í drengjaflokki upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 10. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni síðasta árs skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

Greinargerð: Við teljum það vera of mikið álag á leikmenn að leika fjóra 40 mínútu leiki á tveimur dögum því leggjum við til að leiknir verði 8 mínútu leikhlutar en ekki 10 mínútu eins og gert er í dag. Þeir þjálfarar sem ég hef rætt við um þessa tillögu hafa allir verið henni sammála. Með þessu móti má minkka álag á þessa leikmenn sem margir hverjir eru að spila með fleiri flokkum. Það er mjög mikilvægt að halda þessum flokkum báðum í keppni því að við teljum að brottfall myndi stór aukast ef við gerum það ekki.

Körfuknattleiksdeild U.M.F.N.

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót** **Þingskjal nr. 35**

39. **MINNIBOLTI KARLA 11 ÁRA**
Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans
Leiktími: ~~4 x 10 mínútur~~ 5 x 8 mínútur og 1 mínúta á milli leikhluta.

[...]

2. ~~Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.~~ Hver leikmaður verður að leika minnst tvær lotur af fimm en aldrei fleiri en þrjár heilar lotur. Hver leikmaður verður því að hvíla í tvær heilar lotur af fimm.

3. Í ~~4.~~ 5. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í ~~4.~~ 5. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu ~~þrem~~fjórum leikhlutum minniboltans. Í ~~4.~~5. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

40. **MINNIBOLTI KARLA 10 ÁRA**
Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans
Leiktími: ~~4 x 10 mínútur~~ 5 x 8 mínútur og 1 mínúta á milli leikhluta.

[...]

2. ~~Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.~~ Hver leikmaður verður að leika minnst tvær lotur af fimm en aldrei fleiri en þrjár heilar lotur. Hver leikmaður verður því að hvíla í tvær heilar lotur af fimm.

3. Í ~~4.~~ 5. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í ~~4.~~ 5. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu ~~þrem~~fjórum leikhlutum minniboltans. Í ~~4.~~5. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

49. **MINNIBOLTI KVENNA 11 ÁRA**
Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans
Leiktími: ~~4 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínúta skal vera á milli leikhluta og 3 mínútur í hálfleik.~~ 5 x 8 mínútur og 1 mínúta á milli leikhluta.

[...]

2. ~~Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.~~ Hver leikmaður verður að leika minnst tvær lotur af fimm en aldrei fleiri en þrjár heilar lotur. Hver leikmaður verður því að hvíla í tvær heilar lotur af fimm.

3. Í ~~4.~~ 5. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í ~~4.~~ 5. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu ~~þrem~~fjórum leikhlutum minniboltans. Í ~~4.~~5. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

50. **MINNIBOLTI KVENNA 10 ÁRA**
Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans
Leiktími: ~~4 x 10 mínútur~~ 5 x 8 mínútur og 1 mínúta á milli leikhluta.

[...]

2. ~~Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.~~ Hver leikmaður verður að leika minnst tvær lotur af fimm en aldrei fleiri en þrjár heilar lotur. Hver leikmaður verður því að hvíla í tvær heilar lotur af fimm.

3. Í ~~4.~~ 5. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í ~~4.~~ 5. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu ~~þrem~~fjórum leikhlutum minniboltans. Í ~~4.~~5. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

*Greinargerð: Í núverandi fyrirkomulagi getur auðveldlega orðið mikill munur á leiktíma leikmanna í minnibolta þar sem aðeins er nauðsynlegt að nota 10 leikmenn og hver leikmaður getur leikið allt að þrjár lotur – 30 mínútur - á meðan aðrir leikmenn (ef 11 eða 12 eru á skýrslu) fá jafnvel ekki tækifæri til að leika eða leika 10 mínútur hið mesta. Það gengur gegn hugmyndafræði minniboltans, þar sem gert er ráð fyrir því að leikmenn læri íþróttina og fái að þroskast í öruggu umhverfi með því að spila leikinn. Með þessum breytingum er lokað á það að leikmaður geti leikið meira en 24 mínútur í hverjum leik og aldrei minna en 16, þannig að fleiri leikmenn fá fleiri mínútur til að þroskast á þessu stígi leiksins.*

Snorri Örn Arnaldsson
UMSK

**Vísað til:**

☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Laganefndar

**Afgreitt:**

☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Felld ☐ Vísað frá